FRÉTTABLAÐIÐ
253. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 26. OKTÓBER 2016



Sautján af 42 farþegum sem voru í rútunni sem fór út af veginum á við Skálafellsafleggjarann á Þingvallavegi í gær voru fluttir á Landspítala Íslands. Þar af voru tveir fluttir á gjörgæsludeild. Bílstjórinn og leiðsögumaðurinn voru íslenskir en rútan var á vegum Skagaverks ehf. og var ekki á nagladekkjum en á góðum dekkjum samkvæmt forsvarsmanns Skagaverks. Farþegarnir voru flestir kínverskir. Alls voru 27 farþegar fluttir í fjöldahjálparstöð Rauða krossins í Mosfellsbæ. Búið var að útskrifa nokkra farþega þegar Fréttablaðið fór í prentun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sjálfstæðismenn með afgerandi forystu

**Sjálfstæðisflokkurinn er með tæplega fimm prósentustiga forskot á Pírata í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Þingmaður Samfylkingar segir flokkinn ekki geta tekið þátt í stjórn með óbreytt fylgi. Björt framtíð er nálægt því að þurrkast út.**

**STJÓRNMÁL** „Þetta er mjög alvarleg staða fyrir Samfylkinguna. Nú ríður á að safna öllum mögulegum atkvæðum fyrir laugardaginn. Ég bara bendi fólki á að hér verður ekki raunveruleg umbótastjórn nema Samfylkingin verði með sterkari stöðu. Það er mikið í húfi,“ segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir um nýja skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Könnunin var gerð í gær og í fyrrakvöld.

Niðurstöðurnar benda til þess að Sjálfstæðisflokkurinn fái flest atkvæði allra flokka. Alls segist 25,1 prósent þeirra sem afstöðu taka ætla að kjósa flokkinn, en 23,7 prósent sögðust ætla að kjósa flokkinn í síðustu viku.

**Könnun 24. og 25. okt.**




Píratar eru næststærsti flokkurinn með 20,3 prósenta fylgi og Vinstri græn eru með 16,4 prósenta fylgi. Framsóknarflokkurinn og Viðreisn eru álíka stórir, fyrrnefndi flokkurinn með 11,2 prósenta fylgi en Viðreisn með 10,8 prósent. Báðir flokkar bæta við sig milli vikna því að í síðustu viku mældist Framsóknarflokkurinn með 8,5 prósent og Viðreisn með einungis 6,6 prósent.

Samfylkingin er núna með sex prósenta fylgi, sem er svipað og flokkurinn var með í síðustu viku, og Björt framtíð tapar fylgi milli vikna, er með 5,1 prósent núna en var með 7,4 prósent.

Undanfarið hafa Píratar, VG, Samfylkingin og Björt framtíð rætt saman um samstarf eftir kosninga. Sigríður Ingibjörg segir Samfylkinguna þó ekki geta tekið þátt í stjórnarsamstarfi ef niðurstöður kosninga verða í samræmi við kannanir. „Ekki við þessar aðstæður en við þurfum að styrkja stöðu okkar til að geta farið í slíkt samstarf.“

Fleiri taka afstöðu í þessari könnun en í fyrri könnunum Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis, eða 76,6 prósent. Rúm sex prósent segjast ekki ætla að kjósa eða skila auðu, níu prósent segjast óákveðin og tæp átta prósent kjósa að svara ekki spurningunni. Í könnun sem gerð var fyrir viku tóku 68 prósent svarenda afstöðu. Ein leið til að túlka þá niðurstöðu er að fólk sé í auknum mæli farið að velta fyrir sér kosningunum sem eru á laugardaginn.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.127 manns dagana 24. og 25. október þar til náðist í 802 samkvæmt lagskiptu slembiúrtaki. Svarhlutfallið var því 71,2 prósent. – jhh

## Stórfyrirtæki kaupir Vaka fiskeldiskerfi

**VIÐSKIPTI** Bandaríska fyrirtækið Pentair Aquatic Eco Systems Ltd. hefur fest kaup á Vaka fiskeldiskerfum. Vaki hefur verið leiðandi afl í vöruþróun innan fiskeldis um allan heim í þrjá áratugi. Hjá fyrirtækinu starfa 28 manns á Íslandi, auk 22 til viðbótar í dótturfélögum í Chile, Noregi og Skotlandi. Yfir 90 prósent af umsvifum Vaka eru á erlendum mörkuðum. Helstu vörur Vaka eru fiskiteljarar, búnaður til stærðarmælinga á eldisfiski, ásamt dælum, flokkurum, fóðurkerfi og öðrum vörum fyrir iðnvætt fiskeldi. Pentair er skráð í kauphöllina í New York og hefur 30.000 starfsmenn í sextíu löndum sem starfa m.a. innan orkugeirans, matvælaiðnaðar, vatnsmeðhöndlunar og fjarskipta.
– hh / sjá Markaðinn.

## Dekka vandann með útlendum verkamönnum

**SAMFÉLAG** Starfsmannaþjónustan Elja hefur haft milligöngu fyrir tólf dekkjaverkstæði til að manna starfsstöðvar þeirra yfir helsta álagstímann hjá fyrirtækjunum nú í vetrarbyrjun. Þegar hafa komið til landsins rúmlega 80 manns til að leysa úr vanda fyrirtækjanna í þeirri tveggja mánaða törn sem fram undan er. Hópurinn dreifist á 23 starfsstöðvar þessara tólf fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ, á Akureyri og Selfossi. Starfsmennirnir koma flestir frá Litháen, en einnig frá Póllandi, Ungverjalandi og Rúmeníu.
Elja hóf starfsemi í janúar og hefur strax fengið hingað til starfa rúmlega 400 manns – en í augnablikinu eru 250 manns við störf á vegum fyrirtækisins hjá fjölbreyttri flóru fyrirtækja. – shá / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**MARKAÐURINN** Staða hagkerfisins hefur batnað mikið. Vaxandi hætta er á ójafnvægi og ofhitnun.

**SKOÐUN** Kári Stefánsson skrifar um sögu Sjón. 15

**SPORT** Gunnar Nelson er meiddur á ökkla. Vonast til þess að berjast sem fyrst á nýju ári. 16

**TÍMAMÓT** Hallgrímskirkja vígð við sögulega athöfn á þessum degi fyrir þrjátíu árum. 18

**LÍFIÐ** Bestu bílarnir í kvikmyndum. 28



**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

KVÖLDOPNUN ÚT VIKUNA
Finndu okkur á f
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534



## Veður




Vestan hvassviðri með suðurströndinni, en hægari vestlæg átt annars staðar. Skúrir eða slydduél um landið vestanvert, en lengst af þurrt um landið austanvert. Hiti 3 til 8 stig. SJÁ SÍÐU 20



**Dómurinn féll í Hæstarétti Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# HS Veitur vissu af misferli

**SAMFÉLAG** Hæstiréttur hefur dæmt öryggistrúnaðarmann HS Veitna í fimmtán mánaða fangelsi fyrir fíkniefnamisferli. Við ákvörðun refsingarinnar var horft honum til refsimildunar að hann hafði ekki sætt refsingu áður.

„Við vissum af þessu máli og vorum að bíða eftir úrskurði Hæstaréttar,“ segir Egill Sigmundsson, forstöðumaður rafmagnsdeildar HS Veitna. Honum hefur ekki verið vikið úr starfi en Egill segir málið vera til skoðunar.

Öryggistrúnaðarmaðurinn var handtekinn heima hjá sér í apríl 2014. Á heimili hans fundust um það bil 250 grömm af amfetamíni, 100 grömm af kókaíni, 50 grömm af marijúana og um 600 stykki af MDMA-töflum. Ásamt fíkniefnunum var lagt hald á sex fartölvur sem stolið hafði verið úr tölvuverslun daginn áður.

Öryggistrúnaðarmaður er kosinn af starfsmönnum til þess að sinna vinnuverndarverkefnum fyrir þeirra hönd. Honum ber að fylgjast með því, að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við vinnuverndarlög. – **þh**

> **Við vissum af þessu máli og vorum að bíða eftir úrskurði Hæstaréttar**
>
> Egill Sigmundsson, forstöðumaður rafmagnsdeildar HS Veitna

# Draga fólk á kjörstað



**„Hugmyndin kviknaði í kringum orðagrínið að „draga fólk á kjörstað“,“ segir dragdrottningin Drama Tík. Ragna Rök og Turner Strait óku, ásamt henni, fólki á kjörstað í gær. Saman mynda þau leiklistarhópinn Dragsúg sem er með reglulegar sýningar hér í höfuðborginni. Óvíst er hvort þau muni skutla fleirum að kjörborðinu næsta laugardag, en tilkynningar þess efnis yrði að finna á Facebook-síðu hópsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Hvalir fá ekki griðasvæði

**HVALVEIÐAR** Tillaga um griðasvæði fyrir hvali í Suður-Atlantshafi var felld í Alþjóðahvalveiðiráðinu í gær. Alls greiddu 38 þjóðir atkvæði með tillögunni en 24 gegn henni. Þrjá fjórðu atkvæða hefði þurft til að tillagan fengist samþykkt.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slík tillaga er lögð fram og að sama skapi ekki í fyrsta skipti sem hún er felld. Ólíklegt þótti að tillagan fengist samþykkt nú.

Meðal þjóða sem greiddu atkvæði gegn tillögunni voru hvalveiðiþjóðirnar Japan, Noregur og Ísland.

Rúmlega 2,9 milljónir hvala voru drepnir á síðasta ári, rúmlega 71 prósent drepnir þar sem griðasvæðið hefði átt að vera.

Fyrir ráðinu liggur einnig tillaga um að Japanar muni þurfa samþykki ráðsins fyrir vísindaveiðum sínum. Allar líkur eru á að sú tillaga verði felld. – **jóe**

# Reyna allt svo Eyjólfur verði ekki sendur burt

**Íslensk barnaverndaryfirvöld reyna nú að ná samningum við norsk yfirvöld svo íslenski drengurinn Eyjólfur Kristinn Elvuson verði ekki sendur til Noregs á fósturheimili. Lögmaður móður drengsins segir að málið varði mannréttindi barnsins.**

**SAMFÉLAG** Barnaverndaryfirvöld á Íslandi leggja allt kapp á að Eyjólfur Kristinn Elvuson, fimm ára drengur, verði ekki sendur til Noregs á fósturheimili. Komið var saman á Austurvelli í gær til að mótmæla yfirvofandi brottflutningi.

Forsaga málsins er sú að norsk barnaverndaryfirvöld sviptu Elvu Christinu forsjá yfir drengnum, en hún var búsett þar í landi ásamt móður sinni. Þegar úrskurður yfirvalda kom tók fjölskyldan saman föggur sínar og flúði til Íslands.

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í málinu í byrjun mánaðarins. Tvennum sögum fer af því hvað úrskurðurinn þýðir en sagt hefur verið frá því í fjölmiðlum að senda eigi drenginn til Noregs á fósturheimili næstu þrettán árin. Dómurinn þýði að móðir drengsins, Elva Christina, komi aðeins til með að hitta drenginn tvisvar á ári undir eftirliti.

Starfsfólk Barnaverndarstofu sem Fréttablaðið ræddi við segir málið ekki svo klippt og skorið. Úrskurður héraðsdóms merki að norsk barnaverndaryfirvöld fari með forsjá drengsins og hann eigi að vera í umsjá þeirra. Hins vegar sé ekkert í dómnum sem komi í veg fyrir að norsk barnaverndaryfirvöld velji barninu fósturheimili hér á landi.

Heimildir Fréttablaðsins herma að viðræður séu þegar hafnar við norsk yfirvöld og bjartsýni ríki á niðurstöðu málsins.

Dómur héraðsdóms byggir á Haagsamningnum um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings á milli landa. Á vefsíðu Barnaverndarstofu kemur fram að markmið samningsins sé fyrst og fremst að leysa úr því ef annað foreldri barns flytur barn með



**Elva Christina og sonur hennar, Eyjólfur Kristinn Elvuson, komu hingað til lands í sumar þegar norsk yfirvöld höfðu svipt Elvu forræði yfir drengnum. Hún hafði þá verið í neyslu fíkniefna. Hér á landi hefur hún farið í regluleg próf sem benda til þess að hún sé ekki lengur í neyslu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ólögmætum hætti til annars lands. Honum hefur verið beitt þegar um forræðisdeilu foreldra er að ræða en þeir starfsmenn Barnaverndarstofu sem Fréttablaðið ræddi við minntust þess ekki að samningnum hefði verið beitt til að senda íslenskt barn út til erlendra barnaverndaryfirvalda. Það væri ekki venjan.

Oddgeir Einarsson, lögmaður móður drengsins, segir úrskurð héraðsdóms skýran um að koma eigi barninu fyrir á fósturheimili. Málið sé þó til meðferðar hjá Hæstarétti Íslands sem eigi eftir að dæma í málinu. „Ég hef ekkert fast í hendi um að það náist samningur þarna á milli. Ef maður horfir á þetta burt séð frá öllum lagaákvæðum þá er þarna strákur sem er fæddur á Íslandi, talar íslensku og á íslenska foreldra, hann er á leikskóla hérna og gengur vel og barnaverndaryfirvöld í Reykjavík hafa haft eftirlit með heimilinu. Manni finnst þetta öskra á að þetta eigi ekki að geta gerst. Það sé ekki í samræmi við mannréttindi stráksins og friðhelgi fjölskyldu hans.“ Oddgeir segir mikinn fjölda af ættingjum hér á landi geta tekið við drengnum. Faðir drengsins, sem er búsettur í Danmörku, undirbýr nú mál gegn norska ríkinu til að fá forræði drengsins.



**Oddgeir Einarsson, lögmaður móður drengsins.**

snaeros@frettabladid.is

ZENDIUM STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANNKREMI




zendium
STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

# Sparneytinn Hyundai i20.




**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai. **Hyundai i20 - verð frá 2.340.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,8 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 5,6 l/100 km*.

ENNEMM / SÍA / NM77807 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.



Gvendarlaug í Bjarnarfirði er náttúrulaug. NORDICPHOTOS/GETTY

## Útiloka tilbúnar náttúrulaugar

**SKIPULAGSMÁL** Vinnuhópur Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja um baðstaði í náttúrunni hefur kveðið upp úr um að ekki sé hægt að búa til svokallaða náttúrulaug.

„Bakkar hennar verða að vera mótaðir af náttúrunnar hendi, hins vegar má styrkja stoðir náttúrulaugar með hleðslu, steinum eða steypu. Vatnið má ekki vera meðhöndlað með sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt. Ekki er gert ráð fyrir því að ný náttúrulaug sé „búin til“ frá grunni,“ segir um niðurstöður vinnuhópsins sem jafnframt telur að upplýsa þurfi landeigendur um skyldur gagnvart gestum þar sem náttúrulaugar eru. – **gar**

## Ósammála um uppboð kvóta

**SJÁVARÚTVEGUR** Eva Baldursdóttir, frambjóðandi Samfylkingarinnar, gagnrýnir orð Páls Vals Björnssonar í Fréttablaðinu í gær þess efnis að huga ætti að uppboði strand- og byggðakvóta. Segir hún þarna kristallast muninn á Samfylkingu og Bjartri framtíð.

Páll Valur segir það hugsanlega skynsamlega lausn til að efla byggðirnar með því að veita fénu sem fæst úr uppboðinu aftur í heimabyggð. „Eina leiðin til að tryggja að þjóðin fái sanngjarnan hlut í arði af fiskveiðum er að bjóða út kvótann,“ segir Eva. „Það er ekki nóg líkt og Páll Valur segir að til greina komi að bjóða út byggða- og strandveiðikvóta sem er eini byggðastuðningurinn í núverandi kerfi.“

Að mati Evu á markaðurinn að ráða för með verðmyndun kvóta. „Ný ríkisstjórn á að hafa það á dagskrá sinni að innkalla aflaheimildar og bjóða þær út. Það má gera yfir langan tíma. Tökum ákvarðanirnar um sanngjarnt gjald til þjóðarinnar úr höndum stjórnmálamanna og látum það ráðast á markaði,“ bætir Eva við. – **sa**



Eva Baldursdóttir, varaformaður ÍTR

# Hjólaði 200 kílómetra til þess að komast á kjörstað

**KOSNINGAR** Jón Eggert Guðmundsson, hjólagarpur og tölvunarfræðingur, hjólaði sem nemur um 200 kílómetrum til þess að kjósa til Alþingis. „Þetta var þrælskemmtilegur hjólatúr,“ segir Jón en hann er búsettur í Bandaríkjunum.

Ferðalagið hófst heima hjá Jóni við Palmetto-flóa í Miami í Flórídaríki og leiðin lá að kjörræðisskrifstofu Íslands á Pompano-ströndinni. „Leiðin var falleg og lá meðfram ströndinni mestalla leiðina. Þarna er mikið af veitingastöðum og skemmtilegt mannlíf,“ segir Jón.

Ferðalagið hófst klukkan fjögur um morgun en Jón þurfti að leggja snemma af stað til þess að komast í tæka tíð á kjörræðisskrifstofuna.

> **Þetta var léttur túr enda eru 200 kílómetrar ekkert svo mikið fyrir vanan mann.**
>
> Jón Eggert Guðmundsson hjólagarpur



**Jón Eggert Guðmundsson þegar hann kom í mark í sumar í Hafnarfirði eftir að hafa hjólað hringinn í kringum landið.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Ferðin gekk áfallalaust fyrir sig en hann var kominn heim tæpum tólf tímum eftir að hann lagði í hann. „Það er mikilvægt að nýta kosningaréttinn og ég hvet alla til þess að fara og kjósa, burtséð frá því hvaða flokk fólk kýs,“ segir Jón og hlær.

Jón vann það afrek síðasta sumar að hjóla strandvegi Íslands. Ferðalagið tók tæpar fjórar vikur og fór Jón um 125 kílómetra á dag. Tíu ár eru síðan Jón Eggert gekk sömu strandvegi en í bæði skiptin var markmiðið að safna áheitum fyrir Krabbameinsfélagið. „Ég hjóla reglulega langar vegalengdir og nú þyrsti mig í slíkan hjólatúr. Ég ákvað því skella mér á hjólinu til þess að kjósa. Þetta var léttur túr enda eru 200 kílómetrar ekkert svo mikið fyrir vanan mann,“ segir Jón.

Næst á dagskrá hjá Jóni er að synda í kringum Ísland. „Ég ætla að byrja á Breiðafirði af því að fólk hefur synt hann. Ég get nýtt mér þá reynslu,“ segir Jón sem reiknar með að taka sex sumur í að synda í kringum landið, í áföngum. Hann ætli að geyma Suðurlandið og Faxaflóann þar til síðast en hann kveðst þó eiga eftir að spá aðeins betur í það. **thorgeirh@frettabladid.is**

# Verðskrá Landsnets hækkar til almennings en ekki stórnotenda

**Björt Ólafsdóttir, þingkona BF, segir það óþolandi að skattgreiðendur borgi sífellt með stóriðjunni. Landsnet hækkar verð á dreifingu til almennings um 13 prósent á einu bretti. Dreifingin til stóriðjunnar stendur hins vegar í stað. Upplýsingafulltrúi Landsnets segir þetta eiga sér eðlilegar skýringar.**

**ORKUMÁL** Landsnet hefur ákveðið að hækka verð til dreifiveitna um þrettán prósent frá 1. desember næstkomandi en á sama tíma mun verð til stórnotenda standa í stað. Ef dreifiveitur setja hækkunina út í verðlag mun rafmagnsreikningur almennings hækka en álverin borga enn það sama fyrir dreifingu orkunnar til sín.

Björt Ólafsdóttir, nefndarmaður í atvinnuveganefnd þingsins, segir þessa hækkun vekja hjá sér furðu. „Nýlegar fréttir hafa sagt okkur að heimilin standa nú þegar undir mestum tekjum orkufyrirtækja, en nota þó aðeins brot af orkunni. Svo er Landsnet að gera þetta núna og enn mun halla á almenning,“ segir Björt.

Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets, segir það ekki þannig að Landsnet geti breytt gjaldskránni að vild, heldur séu breytingar á gjaldskrá grundvallaðar á ákvörðunum Orkustofnunar. „Fyrirtækinu eru úthlutaðar ákveðnar tekjur og umhverfi til að afla þeirra. Tekjugrunni Landsnets er skipt í tvennt, stórnotendur og dreifiveitur. Ef leyfð arðsemi til stórnotenda við gerð áætlunar fyrir árið er til dæmis hærri en niðurstaða Orkustofnunar ákvarðar varðandi arðsemishlutfall, þá þarf að lækka gjaldskrána. Ef þessu er öfugt farið, þá þarf að hækka gjaldskrána. Það sama gildir um dreifiveitur,“ segir Steinunn.

> **Nú hefði ég haldið að dreifing á megavatti til dreifiveitna kostaði það sama og dreifing á megavatti til stórnotenda**
>
> Björt Ólafsdóttir



> **Fyrirtækinu eru úthlutaðar ákveðnar tekjur og umhverfi til að afla þeirra. Tekjugrunni Landsnets er skipt í tvennt, stórnotendur og dreifiveitur.**
>
> Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets





**Landsnet er fyrirtæki í eigu ríkisins sem annast flutningskerfi raforku og dreifir henni til notenda. Fréttablaðið/ Vilhelm**

Engin tilkynning er um fyrirhugaðar breytingar á verðskrá Landsnets inni á heimasíðu fyrirtækisins. Steinunn segir það eiga sér eðlilegar skýringar og ekki um neinn feluleik að ræða. „Landsnet hefur sex vikna frest til að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar breytingar á gjaldskránni. Orkustofnun hefur síðan þrjár vikur til að skoða forsendur og rökstuðning og samþykkir eða hafnar breytingunni að þeim fresti liðnum. Okkur ber hins vegar skylda til að upplýsa okkar viðskiptavini, sem eru dreifiveiturnar, sem allra fyrst um fyrirhugaðar breytingar.“

Björt furðar sig á því af hverju það skuli kosta meira að dreifa orku til dreifiveitna en til stórnotenda, svo sem álvera, kísilvera og járnblendiverksmiðja. „Það er óþolandi að skattgreiðendur borgi ekki bara með stóriðjustefnunni, bæði í formi greiddra skatta sem mengandi stóriðja fær hins vegar afslætti á, heldur eigi einnig að auka meðgjöfina með þessu móti líka. Nú hefði ég haldið að dreifing á megavatti til dreifiveitna kostað það sama og dreifing á megavatti til stórnotenda. Hvað gerir það að verkum að þau hækka á almenning í gegn um dreifiveitur en ekki stórnotendur?“ spyr Björt. **sveinn@frettabladid.is**







# Kraftmiklir bílar fyrir krefjandi aðstæður.

**Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin með viðurkenndum Mercedes-Benz.** 4MATIC fjórhjóladrifskerfið er kjörið fyrir krefjandi íslenskar aðstæður. Það kemur að góðum notum í vetrarfærðinni og utan alfaraleiða. Kynntu þér viðurkenndan Mercedes-Benz með 4MATIC fjórhjóladrifi.



## Verð 9.990.000.-

**ML 350 4MATIC**
Árgerð 2014, ekinn 28 þús. km, dísil, 2.987 cc og 259 hestöfl.
**Aukabúnaður:** 360° myndavél með nálgunarvörum, dráttarbeisli o.fl.




## Verð 8.190.000.-

**ML 250 4MATIC**
Árgerð 2015, ekinn 63 þús. km, dísil, 2.143 cc og 205 hestöfl.
**Aukabúnaður:** Artico leður, nálgunarvarar, sóllúga, dráttarbeisli o.fl.



## Verð 9.290.000.-

**ML 350 4MATIC**
Árgerð 2014, ekinn 30 þús. km, dísil, 2.987 cc og 259 hestöfl.
**Aukabúnaður:** Artico leður, nálgunarvarar, rafdrifinn afturhleri o.fl.

Mercedes-Benz

Askja notaðir bílar

Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Opnunartímar
Virka daga 10–18, laugardaga 12–16

Þú finnur „Askja notaðir bílar“ á Facebook

# Mönnuðu 23 dekkjaverkstæði með rúmlega 80 útlendingum

**ATVINNA** Starfsmannaþjónustan Elja hefur haft milligöngu fyrir tólf dekkjaverkstæði til að manna starfsstöðvar þeirra yfir helsta álagstímann hjá fyrirtækjunum nú í vetrarbyrjun. Þegar hafa komið til landsins rúmlega 80 manns til að leysa úr vanda fyrirtækjanna í þeirri tveggja mánaða törn sem fram undan er. Hópurinn dreifist á 23 starfsstöðvar þessara tólf fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ, á Akureyri og Selfossi.

Helgi Eysteinsson, framkvæmdastjóri Elju, segir að upphaflega hafi fyrirtækið Sólning haft samband á vormánuðum og vantað menn.


Dekkjaverkstæðin vantaði mannskap til að setja bifreiðar landsmanna á vetrardekk. Þá var leitað til starfsmannaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Greiðlega gekk að leysa úr vanda þess fyrirtækis, sem spurðist fljótt út til annarra fyrirtækja sem áttu við sama vanda að etja.

„Þarna sameinast í raun tvennt. Lausn á því að það er mjög erfitt að finna vinnandi hendur á Íslandi og hitt að það hentar þessum fyrirtækjum vel að geta fengið starfskrafta í skamman tíma í senn,“ segir Helgi og bætir við að raunveruleg þörf fyrirtækjanna til að fjölga í sínum hópi sé í raun aðeins um tíu vikur. „Ég held að þetta geri þessum fyrirtækjum kleift að veita betri þjónustu en ella. Þó að aðgangur að fólki væri til staðar myndu þau ekki sjá hag sinn í því að fastráða svona marga,“ en starfsmenn á vegum Elju koma margir frá Litháen, en einnig frá Póllandi, Ungverjalandi og Rúmeníu.

Þetta litla dæmi hefur víðtækari skírskotun þar sem fyrirtæki í fjölbreyttri starfsemi eiga í erfiðleikum með að fá fólk til starfa. Helgi játar því; Elja hóf starfsemi í janúar og hefur strax fengið hingað til starfa rúmlega 400 manns – en í augnablikinu eru 250 manns við störf á vegum fyrirtækisins hjá fjölbreyttri flóru fyrirtækja. **– shá**


Skýrsla frá ON um jarðskjálfta var kynnt fyrir Ölfus. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Skjálftavirkni gæti örvast

**SAMFÉLAG** Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd sveitarfélagsins Ölfuss var í gær kynnt skýrsla frá Orku náttúrunnar vegna frummats á jarðskjálftahættu vegna niðurdælingar í holur HE-23, 25 og 38 á Skarðsmýrarfjalli. Nefndin veitti framkvæmdaleyfi fyrir tengingu borholna HE-23, HE-25 og HE-38 á borsvæði við fyrirhugaða flutningsæð fyrir skiljuvatn að niðurdælingarholum HE-37 og HE-38.

Með þessari framkvæmd er ekki verið að auka við framleiðslu Hellisheiðarvirkjunar eða magn skiljuvatns, en tenging á þessum borholum sem niðurrennslisholum stækkar svæðið til niðurrennslis og eykur afköst núverandi niðurrennslissvæðis. Fyrirhugað er að setja hóflegt magn af skiljuvatni í holurnar til að byrja með til að veita þrýstistuðning við nærliggjandi vinnsluholur, en á sama tíma að komast hjá því að skammhlaup verði milli hola og skyndilegar breytingar í eiginleikum vinnsluhola. Verklagsreglur Orkustofnunar kveða á um að unnið sé frummat þegar nýta á borholur til niðurdælingar.

Tilgangurinn er að fá faglegt mat á hvort líklegt sé að niðurdæling affallsvökva í borholur geti orsakað jarðskjálfta sem valdi hættu eða verulegum óþægindum. Við borun á holunum HE-23 og HE-25 sem boraðar voru haustið 2006 varð ekki vart við jarðskjálftavirkni. Niðurstöður frummats benda til að einhver skjálftavirkni gæti örvast í suðurhluta fjallsins, einkum frá holu HE-25. **– bbh**

# Ríkasta prósentið jók eignahlut sinn um 49 milljarða á einu ári

**Eignir og eigið fé ríkustu fjölskyldna landsins jukust á milli áranna 2014 og 2015. Hlutfallið af heildarfé landsmanna lækkaði hins vegar. Þingmaður segir munstrið minna á árin fyrir hrun og segir ríkisstjórnina aðhafast lítið en þá helst fyrir þá efnameiri. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra vísar því á bug.**

**STJÓRNMÁL** Eignir ríkasta eina prósents landsmanna jukust um 49 milljarða milli áranna 2014 og 2015. Þetta er meðal þess sem lesa má úr svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Árna Páls Árnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Meðal þess sem má einnig lesa úr svarinu er að eignir ríkustu fimm prósentanna jukust um 125 milljarða á sama tímabili. Hlutfall þess sama hóps af heildareign allra landsmanna stóð í stað milli ára og er rúmt 31 prósent.

Hópurinn sem samantektin miðast við samanstendur af einhleypum og hjónum en einstaklingar teljast sérstök fjölskylda frá sextán ára aldri.

„Það sem vekur sérstaklega athygli mína er að við erum hægt og rólega að feta okkur í átt að misvæginu sem var hér rétt fyrir hrun,“ segir Árni Páll Árnason. Þingmaðurinn hefur lagt fram sambærilega fyrirspurn ár hvert síðastliðin þrjú ár.

„Það er mikilvægt að hafa augun á þessari þróun stöðugt. Jöfnuður á ekki að vera umræðuefni í nokkra daga á ári rétt í kringum kosningar. Það er raunveruleg hætta á að þarna slitni í sundur aftur.“

Hann segir að aðgerðir núverandi ríkisstjórnar hafi aukið á ójöfnuðinn. „Skattbyrðin hefur lent á þeim sem minnst hafa og sértækar aðgerðir hafa sérstaklega nýst þeim sem mest eiga. Það blasir við að öllu óbreyttu séum við að stefna í sama ástand og ríkti í aðdraganda hrunsins.“


Eignaaukningu landsmanna má að stærstum hluta rekja til verðhækkana á fasteignamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Við erum hægt og rólega að feta okkur í átt að misvæginu sem var hér rétt fyrir hrun.
>
> Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar



> Hér hafa laun allra tekjutíunda hækkað gífurlega.
>
> Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra



„Þegar horft er á skatttekjur eftir tekjutíundum er grundvallaratriði að átta sig á því hvort laun hafi hækkað. Ef þau hækka þá þyngist skattbyrðin. Hér hafa laun allra tekjutíunda hækkað gífurlega,“ segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra. „Við verðum að muna að námsmenn, sumarstarfsmenn og fólk í hlutastarfi falla í neðstu tekjutíundirnar. Það er ekki eðlilegt að bera saman fólk í hlutastarfi saman við fólk í fullu starfi.“

Ráðherrann vísar meiningum Árna Páls, um að ríkisstjórnin hafi lítið aðhafst, á bug og bendir á skattalækkanir stjórnarinnar og niðurfellingu miðþreps tekjuskattsins. Fyrir langflesta hafi tekjuskattur lækkað um 3,3 prósentustig. „Maður með hálfa milljón í tekjur á mánuði stendur því uppi með 160 þúsund krónum meira í árslok en áður.“
**johannoli@frettabladid.is**




20 ára

# 50% af völdum vörum
# 20% af öllum vörum*

- Tilboð gildir aðeins í dag!

**50%**
**AFSLÁTTUR**
af Solaray línunni




**50%**
**AFSLÁTTUR**
af Gula miðanum




## Við eigum afmæli í dag!

Við fögnum **20 ára** afmæli okkar í dag með 50% afslætti af völdum vörum og 20% afslætti af öllum vörum*

*Afsláttur gildir ekki af lyfseðilsskyldum lyfjum.

**Apótekið**
– einfalt og ódýrt

Spöngin • Hólagarður • Skeifan • Garðatorg • Setberg • Akureyri • www.apotekid.is



Charles Michel forsætisráðherra og Didier Reynders utanríkisráðherra á blaðamannafundi í Brussel.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Vallónar stöðva fríverslunarsamninginn

**BELGÍA** Evrópusambandið getur ekki gert fríverslunarsamning við Kanada vegna þess að hinn frönskumælandi hluti Belgíu er á móti því.

Leiðtogar allra aðildarríkja ESB og Kanada hugðust undirrita samninginn á fimmtudaginn en fulltrúar Belgíu geta ekki undirritað hann nema hafa fyrst fengið til þess samþykki frá öllum héruðum landsins.

Vallónar, hinn frönskumælandi hluti íbúanna, hafa hins vegar verið ófáanlegir til þess að veita samþykki sitt. Evrópusambandið og Kanada gerðu þennan samning árið 2014 og höfðu samningaviðræður þá staðið yfir í fimm ár. Vonir stóðu til þess að viðskipti milli Kanada og ESB myndu aukast um 20 prósent eftir að samningurinn tekur gildi. En efasemdarmenn segja að samningurinn gagnist einkum stórfyrirtækjum, auk þess sem fyrirtæki fái möguleika á því að draga ríki fyrir dómstóla telji þau hagsmunum sínum ekki nægilega sinnt.

gudsteinn@frettabladid.is

## Mótmæla meðferð á Töturum




Hópur tataskra mótmælenda safnaðist saman fyrir framan rússneska sendiráðið í Kænugarði í gær til að vekja athygli á meðferð Rússa á Töturum. Fjöldi Tatara hefur verið handsamaður undanfarnar vikur á Krímskaganum. Einhverjir eru týndir en aðrir gista fangageymslur. Saga Tatara hefur verið sorgleg í gegnum tíðina en skemmst er þar að minnast meðferðar Sovétmanna á þeim á fyrri hluta síðustu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Segja Maduro reyna að kaupa sér tíma

**Stjórnarandstaðan í Venesúela kannast ekkert við viðræður við stjórn Maduros forseta. Frans páfi skorar á stjórn og stjórnarandstöðu að ræða málin. Þjóðin getur vikið Maduro úr embætti ef þeir sem greiða því atkvæði verða fleiri en þeir sem kusu hann síðast.**

**VENESÚELA** Stjórnarandstaðan í Venesúela segir að Nicolas Maduro forseti ætli að nota orð Frans páfa til þess eins að kaupa sér lengri tíma.

Maduro gekk á fund páfa í Róm á mánudag. Að loknum fundinum sendi Páfagarður frá sér tilkynningu þar sem segir að páfi skori á stjórn og stjórnarandstöðu í Venesúela að hefja viðræður.

Stjórnarandstaðan hefur reynt að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um að Maduro verði rekinn úr embættinu.

Maduro hefur ekki léð máls á öðru en að sitja sem fastast, en eftir íhlutun páfa á mánudag vöknuðu vonir um að reynt verði að finna lausn á deilunum. Einn af leiðtogum stjórnarandstöðunnar, Jesus Torrealba, sagðist til í að setjast að samningaborði með stjórninni.

Daginn eftir sagðist annar leiðtogi stjórnarandstöðunnar, Henrique Capriles, ekki sjá nein merki þess að viðræður væru hafnar. Sjálfur hafi hann ekki frétt af viðræðunum fyrr en í sjónvarpsfréttum.

Capriles, sem tvisvar hefur boðið sig fram til forseta, sagði greinilegt að stjórnin ætlaði sér aðeins að reyna að fá lengri tíma.

Þjóðin getur vikið Maduro úr embætti ef þeir sem greiða því atkvæði verða fleiri en þeir sem kusu Maduro í síðustu forsetakosningum.

Í síðustu viku hafnaði kjörstjórn landsins beiðni stjórnarandstöðunnar um þjóðaratkvæðagreiðslu.



Nicolas Maduro
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Venesúela

- Nicolas Maduro tók við forsetaembættinu af Hugo Chavez í apríl 2013.
- Venesúela er meðal tíu stærstu olíuvinnslulríkja heims.
- Þegar olíuverð hrundi lamaðist hið ríkisrekna efnahagslíf.
- Mikil fátækt hrjáir nú landsmenn, opinber þjónusta er í molum og vöruskortur í búðum.
- Stjórnarandstaðan krefst þess að Maduro víki úr embætti.

Viðbrögð stjórnarandstöðunnar voru þau að segja stjórn Maduros í raun vera að efna til stjórnarbyltingar.

Maduro tók árið 2013 við forsetaembættinu af Hugo Chavez, sem þá var nýlátinn en hafði ríkt í rétt rúmlega þrjú kjörtímabil. Chavez hafði stjórnað landinu með sósíalíska byltingarhugsjón að leiðarljósi, þjóðnýtti olíuiðnaðinn og notaði afraksturinn af olíusölunni til að standa við kosningaloforðin og útrýma fátækt.

Maduro hélt ótrauður áfram í anda Chavez, gekk jafnvel öllu lengra í ofstjórnartilburðum, en lenti í ógöngum með efnahagslífið þegar olíuverð í heiminum hrundi.

gudsteinn@frettabladid.is

LYFJA – Lifið heil

Fyrir þig í Lyfju

Strepsils
Dregur úr eymslum og ertingu í hálsi
- á aðeins 5 mínútum




**Strepsils Cool/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Jordbær Sukkerfri/Strepsils Warm munnsogstöflur. Samantekt á eiginleikum lyfs - styttur texti SPC. Innihaldsefni:** 2,4-tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg, amýlmetakresól 0,6 mg. **Ábendingar:** Eymsli og erting í hálsi. **Skammtar og lyfjagjöf:** Strepsils Cool: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 1 munnsogstafla er látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Jordbær Sukkerfri/Strepsils Warm: Fullorðnir og börn 6 ára og eldri: 1 munnsogstafla er látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Börn á aldrinum 6-11 ára: Lyfið skal gefa undir eftirliti fullorðins aðila. Börn yngri en 6 ára: Vegna lyfjaformsins skal notkun takmarkast við börn eldri en 6 ára. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna. **Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun:** Ekki nota stærri skammt en ráðlagður er. Sjúklingurinn skal leita læknis ef hann er í vafa eða ef einkenni lagast ekki eða versna innan nokkurra daga. Strepsils Cool/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Warm inniheldur glúkósa og súkrósa. Sjúklingar með frúktósaóþol, glúkósa-galaktósavanfrásog eða súkrasa-ísómaltasaþurrð, sem eru sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki taka lyfið. Strepsils Jordbær Sukkerfri inniheldur ísómalt og maltitól sem geta haft væg hægðalosandi áhrif. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki taka lyfið. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




Peugeot 2008 er draumabíll þeirra sem vilja glæsilegan og sportlegan bíl sem hentar fjölbreyttum aðstæðum. Útlínurnar eru mjúkar og ásýndin falleg. Peugeot 2008 er einnig mjög praktískur. Farangursrýmið er stærra en í mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt. Innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Hann er fimm dyra og fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með margverðlaunuðum Puretech vélum.

## NÝR PEUGEOT 2008

Verð frá 2.690.000 kr.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Af fundi Þingvallanefndar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Þingvallanefnd vill nýta forkaupsréttinn

**STJÓRNMÁL** Þingvallanefnd hefur ákveðið að lýsa yfir vilja sínum til að nýta forkaupsrétt á Valhallarstíg nyrðri 7 við Þingvallavatn. Nefndin ályktar þó að nauðsynlegt sé að skoða frekari annmarka á málinu. Á Valhallarstíg nyrðri 7 stendur grunnur að sumarbústað og er eignin metin á um 85 milljónir króna.

„Nefndin ákvað að lýsa yfir vilja til þess að nýta forkaupsréttinn og ætlar að óska eftir því að forsætisráðuneytið skoði feril málsins og möguleika á fjármögnun á kaupum,“ segir Róbert Marshall, fulltrúi Bjartrar framtíðar í nefndinni, en ákvörðunin var tekin á fundi nefndarinnar í gær.

Í Fréttablaði gærdagsins kom fram að óvissa væri um nýtingu forkaupsréttar. Sagði Róbert þá að meirihluti nefndarinnar hefði áður ákveðið að nýta forkaupsréttinn ekki.

Sigrún Magnúsdóttir, formaður nefndarinnar og umhverfisráðherra, sagði í samtali við fréttastofu í gær að grundvöllur fyrri ákvörðunar um að nýta réttinn ekki hafi verið sá að fjárveiting var ekki fyrir hendi. Hún sagðist jafnframt kát með það að einhugur hafi verið um að lýsa yfir vilja um nýtingu forkaupsréttar. Sérstaklega í ljósi þess að fundurinn var síðasti fundur nefndarinnar.

Róbert Marshall kveðst einnig ánægður með niðurstöðuna. „Ég er himinlifandi með þetta og mjög ánægður með að meirihlutinn hafi ákveðið að skoða málið betur og sé tilbúinn til þess að endurskoða fyrri ákvörðun sína,“ segir hann. – þea



Grunnur að sumarbústað á Valhallarstíg nyrðri 7. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Eigendaferill Valhallarstígs nyrðri 7

- Sonja Zorilla athafnakona
- Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti
- Ástríður Magnúsdóttir, dóttir Vigdísar
- Ásdís Halla Bragadóttir, fyrrverandi bæjarstjóri Garðabæjar
- Bogi Pálsson, núverandi eigandi








Framsóknarflokkurinn birti myndband úr heimsókn til Sigurðar Inga Jóhannssonar forsætisráðherra sem sést hér með hesti. MYND/SKJÁSKOT




Flokkur fólksins birti þessa kröfu um 300 þúsund króna skattleysismörk á Facebook-síðu sinni. MYND/FLOKKUR FÓLKSINS




Björt framtíð birti tilkynningu frá hinu skáldaða Félagi rasista í myndbandi á Facebook-síðu sinni. Þar eru rasistar hvattir til að kjósa ekki Bjarta framtíð. MYND/SKJÁSKOT




Píratar hafa birt myndir af frambjóðendum með tilvitnunum í orð þeirra og stefnu flokksins ásamt slagorðinu „Endurræsum Ísland“. MYND/PÍRATAR




Vinstri græn birtu myndband sem skartaði nakinni konu og Ragnari Kjartanssyni á Facebook-síðu sinni. Myndbandið var þó fjarlægt vegna nektarinnar. MYND/SKJÁSKOT




Sjálfstæðisflokkurinn birti myndband á Facebook þar sem mátti sjá Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra skreyta köku. MYND/SKJÁSKOT




Viðreisn hefur líkt og Píratar birt myndir af frambjóðendum með tilvitnunum auk myndbanda þar sem frambjóðendur skýra stefnu flokksins. MYND/VIÐREISN

# Samfélagsmiðlar nýttir í kosningabaráttunni

**Kosningabaráttan er á lokametrunum. Framboð til Alþingis leitast við að auglýsa á samfélagsmiðlum sökum þess hve dýr hefðbundin kosningabarátta er. Myndir og myndbönd hafa vakið mikla athygli á Facebook.**

Kosningar 2016



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Stjórnmálaflokkar styðjast við samfélagsmiðla í auknum mæli til þess að koma stefnu sinni og sjónarmiðum á framfæri nú þegar kosningabaráttan er á lokametrunum. Kosið verður til Alþingis á laugardaginn.

Algengt er að framboð birti jafnt myndir sem myndbönd á Facebook, Snapchat og Twitter. Annars vegar myndbönd þar sem frambjóðendur eru kynntir og hins vegar þar sem stefna flokksins er kynnt.

Þá hafa fjölmargir flokkar einnig birt einfaldar myndir af frambjóðendum sínum þar sem tilvitnunum, ýmist í frambjóðandann sjálfan eða stefnu flokksins, hefur verið skeytt við myndina. Samfylkingin tók þá hugmynd skrefinu lengra og birti tilvitnanirnar á fjölda tungumála, allt frá færeysku til tyrknesku, í nafni fjölmenningar.

**Mættu gera enn meira**

Andrés Jónsson almannatengill segist hafa orðið var við þessa aukningu. Honum finnst þó að flokkar megi gera enn meira af því að auglýsa á samfélagsmiðlum. „Enginn þeirra stendur eitthvað sérlega framarlega í þessum málum en flokkarnir hafa náð ágætis dreifingu á þessi myndbönd sem þeir hafa verið að gera. Svo hafa sumir flokkar líka verið að klippa saman myndbönd af því þegar frambjóðendur hafa verið í sjónvarpssal. Það eru mun færri sem horfa á línulegt sjónvarp en áður þannig það er góð þjónusta að klippa saman bestu brotin og setja texta,“ segir hann.

> Stóru fréttirnar verða fæstar til á samfélagsmiðlum en eftirleikurinn og umræðan verður þar.
>
> Andrés Jónsson almannatengill



Ástæðu þessarar áherslu á samfélagsmiðla segir Andrés einna helst vera þá að margir séu á samfélagsmiðlum. „Á Íslandi er mjög hátt hlutfall kjósenda á Facebook.“ Hins vegar segir hann ekki þar með sagt að hægt sé að ná til allra notenda þar sem skoðanir þeirra eru misjafnar. Hann segir notkun samfélagsmiðla einnig mikilvæga því umræðan um stjórnmál sé fyrst og fremst þar.

„Mesta umræðu fékk myndbandið af Bjarna að skreyta köku fyrir dóttur sína og sitt sýndist hverjum um það. Ég er hins vegar á því að það hafi verið nettó-ávinningur af myndbandinu fyrir hann þótt það hafi ekki komið fram í könnunum. Fyrir óákveðna skiptir máli að kynnast frambjóðendum,“ segir Andrés. Einnig nefnir hann myndband Oddnýjar Harðardóttur þar sem hún útskýrir kvótakerfið með Skittles fyrir ungum dreng. Myndbandið segir hann hafa náð í gegn í umræðunni en ekki skilað sér í könnunum. „Núna síðast hefur innkoma Ragnars Kjartanssonar fyrir Vinstri græn slegið í gegn á Facebook og fengið mjög jákvætt umtal.“

Andrés segir, með fyrirvara um að það sjái ekki allir það sama á Facebook, að honum sýnist Sjálfstæðismenn hafa, með Bjarna og Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur í fararbroddi, náð einna mest í gegn auk Vinstri grænna með Ragnar Kjartansson. „En Framsóknarflokkurinn, Björt framtíð og Samfylkingin síður.“ Þá segir hann Viðreisn einna helst hafa náð í gegn í aðdraganda baráttunnar með því að láta frambjóðendur tilkynna um framboð sitt á samfélagsmiðlum.



**Audi A6**
2.0TDI S-line
Ekinn 17.000 · A
2015 — **8.950.000** KR
Sóllúga, rafdrifin sæti með minni, soft close á hurðum, bakkmyndavél og fjarlægðarskynjarar, milano leðurinnrétting, lykillaust aðgengi og opnun á skotti, S-line útlitspakki, 18" álfelgur, led framljós o.fl.



**Mitsubishi Pajero Instyle**
3.2 DID AT
Ekinn 32.000 · A · 4x4
2015 — **8.290.000** KR
7 manna, leðuráklæði, hiti í framsætum, rafdrifin sæti, loftkæling, akstursölva, bakkmyndavél, Bluetooth, fjarlægðarskynjarar, glertopplúga, hraðastillir, ISOFIX festingar, leiðsögukerfi, litað gler, nálægðarskynjarar, rafdrifnar rúður, þakbogar.



**VW Golf**
GTI 2.0 220 hestöfl
65
2013 — **4.050.000** KR



**VW Golf**
Highline 1.4 TSI
86 · A
2013 — **2.990.000** KR

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. — 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif — 4x4
Metan & bensín — ECO
Sjálfskiptur — A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

# Margar stærðir, fleiri litir.

Fleiri tilboðsbílar
og myndir á netinu:
hnb.is



**Volvo S60 D3**
2.0 dísel
60 · A
2014 — **3.990.000** KR



**BMW 118d**
M-Tech F20
7 · A
2015 — **5.490.000** KR



**Audi Q5 Quattro**
3.0 V6 TDI 258hö
9 · A · 4x4
2015 — **8.690.000** KR



**VW e-Golf**
85kW AT
21 · A
2015 — **3.640.000** KR



**Skoda Octavia Combi**
Ambition 1.4 TSI G-tec
11 · ECO
2016 — **3.290.000** KR



**VW Polo Trendline**
1.0 MT
42
2015 — **1.990.000** KR



**Skoda Superb Combi**
4x4 Ambiente 2.0 TDI AT
33 · A · 4x4
2015 — **4.890.000** KR



**Audi A4 Avant**
2.0 TDI AT
56 · A
2012 — ~~3.990.000~~ KR
TILBOÐ **3.490.000** KR



**VW Passat Comfortline**
1.4 Ecofuel
22 · A · ECO
2014 — ~~3.550.000~~ KR
TILBOÐ **2.990.000** KR



**VW Passat Comfortline**
1.4 Ecofuel
140 · A · ECO
2012 — ~~2.690.000~~ KR
TILBOÐ **1.990.000** KR



**Skoda Rapid Spaceback**
Ambition 1.2 TSI MT
41
2014 — ~~2.550.000~~ KR
TILBOÐ **2.240.000** KR



**Opel Ampera DOCH**
1.4 BEN/RAF AT
65 · A
2012 — ~~3.490.000~~ KR
TILBOÐ **2.990.000** KR

Volkswagen · ŠKODA · MITSUBISHI MOTORS

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

# Suðvesturkjördæmi í hnotskurn

Ellefu framboð bjóða fram lista í Suðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningar 2016. Hér fyrir neðan má sjá efstu menn á hverjum lista.


**Eygló Harðardóttir**
Framsóknarflokki


**Bjarni Benediktsson**
Sjálfstæðisflokki


**Guðmundur Ingi Kristinsson**
Flokki fólksins


**Árni Páll Árnason**
Samfylkingunni


**Jón Þór Ólafsson**
Pírötum


**Óttarr Proppé**
Bjartri framtíð


**Rósa Björk Brynjólfsdóttir**
Vinstri grænum


**Ragnar Ingólfsson**
Dögun


**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
Viðreisn


**Guðmundur Magnússon**
Alþýðufylkingunni



**Konur**
**34.675**

**Karlar**
**33.567**

**Fjöldi á kjörskrá**
**68.242**

Fjöldi á kjörskrá í kosningunum 2013
**63.125**

Stærð kjördæmis
**770 km²**

## 13 þingmenn

tilheyra Suðvesturkjördæmi, fleiri en í nokkru öðru kjördæmi.

### Sveitarfélög í kjördæminu

Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Úrslit síðustu kosninga




**Þingmenn**




### Þingmenn sem hætta


**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
þingmaður Sjálfstæðisflokksins


**Katrín Júlíusdóttir**
þingmaður Samfylkingarinnar


**Ögmundur Jónasson**
þingmaður VG

# Segir stöðugan gjaldmiðil stuðla að betra húsnæðiskerfi

**Samgöngumál eru eitt mikilvægasta hagsmunamál íbúa í Suðvesturkjördæmi, rétt eins og á landsbyggðinni. Húsnæðismál og öflugt atvinnulíf skipta líka máli. Kraginn er stærstur af kjördæmunum sex. Staða Sjálfstæðisflokksins er sterk og flokkurinn á aðild að meirihluta í sveitarstjórnum alls staðar nema í Kjós.**

**Kosningar 2016**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is


**Eitt af sex sveitarfélögum í Suðvesturkjördæmi er Hafnarfjörður. Formaður bæjarráðs vill að hugað sé að atvinnulífi og þekkingarstörfum í kjördæminu. Það sé líka brýnt að tryggja samgöngur milli sveitarfélaga.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Suðvesturkjördæmi er fjölmennasta kjördæmið á landinu. Á kjörskrá eru rúmlega 68 þúsund manns. Kjördæmið hefur lengi verið eitt sterkasta vígi Sjálfstæðisflokksins og á flokkurinn núna fimm af þrettán þingmönnum kjördæmisins. Sveitarfélögin í kjördæminu eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Í fimm af þessum sex sveitarfélögum á Sjálfstæðisflokkurinn aðild að meirihlutastjórn eða meirihlutinn er skipaður Sjálfstæðismönnum eingöngu.

Flestir þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við í Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmi segjast vilja sjá atvinnumál og samgöngumál sem helstu áhersluatriði kosningabaráttunnar. Mikil áhersla virðist einnig lögð á það í Suðvesturkjördæmi.

Kjósarhreppur er minnsta sveitarfélagið í Suðvesturkjördæmi. Guðný G. Ívarsdóttir sveitarstjóri segir áhersluna í sveitarfélaginu vera á lagningu hitaveitu og verið sé að ljósleiðaravæða í leiðinni. „Svo brenna vegamálin á okkur,“ segir hún. Nú sé verið að vinna við Kjósarskarðsveg, sem íbúar í Kjósinni hafi barist fyrir lengi.

„Það er byrjað að leggja á hann bundið slitlag og vonast eftir að það verði klárað. Síðan er það að klára Eyrarfjallsveginn, að setja á hann bundið slitlag,“ segir Guðný. Hún segir það einnig orðið knýjandi að breikka brú þar sem þjóðvegur fer yfir Laxá í Kjós. „Á síðustu árum hefur orðið mikil aukning á ferðamönnum í Kjósinni. Ferðamenn standa á einbreiðri Laxárbrúnni og virða fyrir sé Laxfoss og umhverfið. Brúin, eins og hún er nú, er mikil slysagildra.“

> Húsnæðismálin tala beint við unga fólkið líka og þar þurfum við stöðugan gjaldmiðil og heilbrigðara vaxtaumhverfi.
>
> Guðlaug Kristjánsdóttir bæjarfulltrúi



Guðlaug Kristjánsdóttir, fyrrverandi formaður Bandalags háskólamanna, hefur verið bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar og formaður bæjarráðs í Hafnarfirði frá vorinu 2014. Hún nefnir málefni ungs fólks þegar hún er spurð hvaða málefni brenni helst á henni fyrir þessar kosningar. Í fyrsta lagi sé þar vert að hugsa um fæðingarorlofið.

„Það þarf að gera það bærilegra og loka bilinu milli fæðingarorlofs og leikskóla,“ segir hún. Ríki og sveitarfélög þurfi að vinna saman að fjármögnun þess. „Húsnæðismálin tala beint við unga fólkið líka og þar þurfum við stöðugan gjaldmiðil og heilbrigðara vaxtaumhverfi af því að það er grunnurinn að öllu í sambandi við húsnæðismál, hvort sem það eru lánin eða byggingarkostnaður eða hvað sem það nú er,“ segir hún.

Guðlaug segir líka brýnt að huga að atvinnulífi og þekkingarstörfum í Kraganum. „Það þarf að leggja áherslu á nýsköpun og þróun í atvinnumálum,“ segir hún. Þá nefnir hún samgöngur, enda sé stórhöfuðborgarsvæðið eitt atvinnusvæði. „Það þarf að vinna áfram borgarlínuna þannig að Hafnfirðingar, til dæmis, séu fljótir að komast á milli bæja.“ Greiðari umferð hafi jákvæð áhrif á allt daglegt líf og fjölskyldulíf. „Eina trúverðuga leiðin til þess að létta á samgöngum eru almenningssamgöngurnar. Og við í Hafnarfirði þurfum öruggar vegtengingar við Reykjanesbrautina, eins og hjá Krýsuvíkurveginum.“

## Hvað segja kjósendur?

**HVER ERU BRÝNUSTU KOSNINGAMÁLIN?**

> Heilbrigðisþjónusta, menntun og löggæsla eru mér efst í huga fyrir þessar kosningar. Ég hef áhyggjur af því að þessi grunnþjónusta hafi setið eftir síðustu ár.



Ólafur Örn Bragason, sálfræðingur í Mosfellsbæ

> Ég vil sjá stjórnmálafólk við völd sem sýnir ráðdeild í rekstri. Þannig gæti kaupmáttur fólks aukist, en jafnframt ættu fátækir ekki að líða skort í samfélaginu.



Þórður Tryggvason, læknir á Seltjarnarnesi

> Jöfnuður er mér ofarlega í huga. Þá er ég ekki að tala um að enginn megi vera ríkur. Það þurfa bara allir að geta lifað með reisn og öll börn þurfa að eiga sömu tækifæri.



Sigríður Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri hjá Barnaheillum, Garðabæ



NÝ VERSLUN
OPNUNARTILBOÐ
ÖRYGGISSKÓR
15.900 m/vsk
Fullt verð 23.951
SOFTSHELL JAKKI
Höfuðljós fylgir
15.900 m/vsk
Fullt verð 22.900
ÖRYGGIS-VESTI
Með frönskum rennilás
EN-471
590 m/vsk
Fullt verð 1.482
HÚFA BEANIE
95% bómull-
5% Elastan-
Litur: Svartur-
1.490 m/vsk
Fullt verð 3.548
VINNUÚLPA
Húfa fylgir
19.900 m/vsk
Fullt verð 31.518
KULDAÚLPA
Húfa fylgir
21.900 m/vsk
Fullt verð 35.836
VINNUVETTLINGAR FÓÐRAÐIR
590 m/vsk
Fullt verð 980
BUXUR
Polyesterbómull
Svartar
Hangandi vasar
9.900 m/vsk
Fullt verð 15.799
KULDA-SMEKK-BUXUR
Fæst í svörtu og sýnileikalitum
15.900 m/vsk
Verð frá 25.799
KULDA-GALLAR
25.900 m/vsk
Fullt verð 38.435
HOLTAGARÐAR
SÆBRAUT
SKÚTUVOGUR
www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi
SINDRI
VINNUFÖT

# Erfitt að standa við loforðin



**Hafliði Helgason**
haflidi@frettabladid.is

Fyrir þó ekki væri nema tveimur árum hefði fáa órað fyrir því að vandamál íslenskrar hagstjórnar ættu eftir að snúast um að hemja gjaldeyristekjur þjóðarinnar og verja útflutningsgreinar fyrir styrkingu gjaldmiðilsins.

Krónan hefur styrkst verulega undanfarin misseri og ekkert fyrirsjáanlegt lát á. Hagvöxtur er með ágætum og slakinn er horfinn úr hagkerfinu. Atvinnuleysi er horfið og á næstu misserum verður vaxandi þörf fyrir innflutt vinnuafl. Svigrúm ríkisins til framkvæmda verður lítið á sama tíma og aukinn ferðamannastraumur kallar á innviðaframkvæmdir.

Í Markaðnum í dag er fjallað um stöðu hagkerfisins, en þar er einnig að finna grein eftir Lars Christensen þar sem hann segir að markaðir geri ráð fyrir því að stjórnmálamenn standi ekki við loforð sín. Ef þeir geri það þá verði ríkisskuldakreppa.

Þetta er ágæt ábending. Orðheldni er vissulega dyggð og kjósendur geta sumpart sjálfum sér um kennt að hlaupa á eftir loforðum sem enginn vegur er að standa við. Því miður hefur það oftar en ekki reynst þannig að skynsömustu og orðvörustu stjórnmálamennirnir fá lítinn hljómgrunn.

Staðan sem blasir við mun krefjast þess að haldið sé aftur af útgjöldum ríkisins. Núverandi áætlun um ríkisfjármál er of slök og ekki skánar það ef ný ríkisstjórn hyggst gera allt fyrir alla.

Enn sem komið er þá hafa skuldir heimila verið að lækka og einkaneyslan fer hægar af stað en hagfræðingar bjuggust við. Vísbendingar eru um að einkaneysla fari nú hratt vaxandi. Þá má heldur ekki gleyma þegar horft er til lækkandi skuldastöðu heimila að margt ungt fólk hefur ekki haft tök á að kaupa sér fyrstu íbúð með tilheyrandi skuldsetningu.

Óstjórn í ríkisfjármálum mun þýða að Seðlabankinn á engan kost annan en að hækka vexti og hemja hagkerfið með þeim hætti. Það mun vitanlega bitna harðast á þeim sem skulda mest. Þarna verður ekki bæði sleppt og haldið. Ójafnvægi í hagkerfinu með styrkingu krónu og aukningu kaupmáttar umfram raunverulega getu hagkerfisins mun bitna á nýsköpun í hagkerfinu og verðmætasköpun í framtíðinni.

Ríkið og aðilar vinnumarkaðarins hafa unnið að því að koma á norrænu módeli við gerð kjarasamninga. Það væri mikið þroskamerki í samfélaginu ef hægt væri að lenda slíku samkomulagi sem héldi. Einnig ætti komandi ríkisstjórn að nýta uppsveifluna til að greiða skuldir og búa í haginn fyrir framtíðina. Uppsveifla gefur líka tækifæri til að ljúka því verki að jafna lífeyrisréttindi og að opinberir aðilar lækki verulega skuldbindingar sínar við opinbera lífeyrissjóðina? kerfið.

Líklegt er að þegar þessari hagsveiflu lýkur verði fleiri tilbúnir til að ræða framtíðarskipan gjaldmiðilsmála en raunin er nú.

**Ójafnvægi í hagkerfinu með styrkingu krónu og aukningu kaupmáttar umfram raunverulegrar getu hagkerfisins mun bitna á nýsköpun í hagkerfinu og framtíðar verðmætasköpun.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Öryggi ferðamanna**

**Aðilar innan ferðaþjónustunnar hafa mótmælt frekari skattheimtu á greinina og farið hamförum gegn gistináttagjaldi, náttúrupössum og hvers kyns álögum á erlenda ferðamenn. Hafa þessir menn notað þau rök að greinin sé í harðri samkeppni við önnur lönd um ferðamenn. Gott og vel, en á meðan greinin er að velta á fjórða hundrað milljörðum króna er þess krafist að ferðaþjónustan tryggi öryggi neytenda. Það er ekki boðlegt að 40 kínverskir ferðamenn séu lagðir í lífshættu á slitnum sumardekkjum í lok október. Græðgin getur ekki verið svo mikil að menn tími ekki að kaupa nagladekk.**

**Týpískt kosningastress**

**Fjórir dagar eru þar til landsmenn ganga að kjörborðinu og eru stuðningsmenn íslenskra stjórnmálaflokka farnir að ókyrrast og stressið farið að ná tökum á mönnum. Hafa menn því í örvæntingu sinni fært sig ofan í hinar víðfrægu skotgrafir. „Varist vinstri slysin“ hefur heyrst fljúga á torgum internetsins. Hátt skrifaðir Sjálfstæðismenn hafa til að mynda talað um að ef Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki við völd eftir kosningar stefni í glundroða og pólitískum stöðugleika sé stefnt í hættu. Hægrimenn virðast gleyma að síðustu tvær ríkisstjórnir þeirra hafa ekki klárað heilt kjörtímabil. Það er allur stöðugleikinn.**

**sveinn@frettabladid.is**

# Stórsókn í menntamálum



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
skipar 2. sæti hjá VG í Rvk. suður

Stjórnmálamenn klifa gjarnan á því að menntun sé mikilvæg og brýnt sé að hlúa að henni. Fjárfesting til framtíðar, er sagt, eins og eina ástæða þess að mennta fólk eigi að vera sú að það skili arði en ekki af því að það sé rétt, en látum það vera, það er sama hvaðan gott kemur. Skólakerfið hefur hins vegar verið afskipt hjá núverandi stjórnarflokkum þegar kemur að fjárveitingum, sem sýnir raunverulegan hug þeirra til málaflokksins.

Stærsta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir, þegar kemur að skólakerfinu, er að ef ekkert verður að gert er fyrirsjáanlegt að við stöndum frammi fyrir miklum skorti á kennurum. Ef fram heldur sem horfir verða kennarar með réttindi í grunnskólum um 22 prósentum færri árið 2031 en þeir eru í dag. Á sama tíma mun nemendum hafa fjölgað um 15 prósent. Þetta er grafalvarlegt mál, ekki síst í því ljósi að nýnemum í kennaranámi hefur fækkað um 60% frá árinu 2008.

Einhliða breytingar menntamálaráðherra á framhaldsskólanum hafa gert það að verkum að nú er búið að steypa alla í eitt og sama ríkismótið. Flokkur frelsisins hefur gefið þá fyrirskipun að allir framhaldsskólanemar skuli klára nám sitt á þremur árum og fólk yfir 25 ára aldri eigi ekkert erindi í framhaldsskóla.

Og þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar um bestu háskólana er staðreyndin sú að framlög til háskólanna, miðað við hvern nemanda, eru lægri hér en í öllum löndum sem við berum okkur saman við. Ríkisstjórnin ætlar reyndar að bæta úr því, en þó ekki með þeirri aðferð að fjölga þeim krónum sem fara í háskólann, heldur fækka nemendunum.

Við þurfum stórsókn í menntamálum og Vinstri græn telja það forgangsmál. Við viljum setja sjö milljarða í skólakerfið og stuðla að því að kennarastarfið verði fýsilegur kostur. Það þarf að gera með því að tryggja starfskjör, en einnig með því að efla faglegt sjálfstæði kennara og leggja áherslu á skólaþróun.

Menntun er mikilvæg, ekki bara rétt fyrir kosningar. Það vitum við í Vinstri grænum.

**Við viljum setja sjö milljarða í skólakerfið og stuðla að því að kennarastarfið verði fýsilegur kostur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Sjón er sögu ríkari



Kári Stefánsson
forstjóri
Íslenskrar
erfðagreiningar

Í þeim hugarheimi skáldsins, sem það færir okkur í verkum sínum, er það einvaldur. Það ræður öllu, getur látið upp vera niður og niður upp, sólarupprás að kvöldlagi og Bjarna Ben hlúa að heilbrigðiskerfinu. Það getur sem sagt gert hið ómögulega mögulegt. Það er ekki nóg með að við lesendur sættum okkur við þetta vald skáldsins, við fögnum því vegna þess að í krafti þess færir það okkur heima sem eru ekki en gætu verið og jafnvel heima sem gætu ekki verið undir nokkrum kringumstæðum en varpa samt ljósi á heiminn sem við búum í og jafnvel okkur sjálf sem einstaklinga, eða gera það ekki. Hlutverk skáldsins er nefnilega ekki bara að lýsa heiminum okkar heldur líka öðrum við hliðina á honum.

Til þess að fyrirbyggja misskilning þá stend ég ekki í þeirri trú að ég viti gjörla hvert hlutverk skáldsins sé, né að það sé eitt hlutverk sem öll skáld hafi, né að hvert skáld út af fyrir sig gegni sama hlutverki fyrir öllum lesendum. Það er bara ekki þannig. Skáld eru hins vegar sú stétt sem hefur haft meiri áhrif á mig en nokkur önnur í þessum heimi og hlutverk þeirra í mínu lífi hefur verið að gleðja mig, hryggja mig, uppfræða mig og fá mig til þess að sitja hreyfingarlítinn og friðsælan um lengri tíma, án þess að vera umhverfi mínu til ama. Það er fátt annað sem kemur í veg fyrir að ég sé umhverfi mínu til ama, nema ef vera skyldi svefn og meðvitundarleysi af öðrum toga.

Sjón er eitt af þeim fjölmörgu skáldum sem hafa lagt svolítið af mörkum til þess að móta líf mitt með því að færa mér góðar bókmenntir og nú er hann loksins búinn að senda frá sér síðasta hluta þríleiks sem hann byrjaði fyrir 22 árum. Ég á eftir að lesa hann en vonast til þess að ég eigi eftir að sækja í hann töluverða ánægju. Sjón hefur gefið það í skyn að síðasti hluti þríleiksins byggi að nokkru leyti á minni persónu og þeim verkefnum sem fyrirtæki það sem ég vinn fyrir hafi fengist við í tuttugu ár. Það er ljóst á ummælum hans að hann sækir þennan efnivið sinn í skoðanir sem hann hann ætlar mér en ég hef aldrei haft, markmið sem hann heldur að ég hafi stefnt að en hef forðast og vinnu sem aldrei var unnin í fyrirtækinu.

Það væri hins vegar út í hött að kvarta undan þessu vegna þess að þarna er skáldið bara að sækja sér hráefni í það sem hann heldur um mig og fyrirtækið, sem hann notar síðan til þess að móta hvað sem honum sýnist. Hann hefði meira að segja getað reynt að búa til úr því efni sem hann sótti í mig góðan mann, þótt það hefði sjálfsagt reynst ofviða jafnvel þeim bókmenntalega kraftlyftingamanni sem hann er. Í mínum huga hvílir engin skylda á hans herðum að sýna fram á að það sem hann haldi um mig og fyrirtækið og notar í bókina sé sannleikanum samkvæmt, eingöngu að hann skili góðri bók, sem hann hefur gert svo oft.

Það gegnir hins vegar öðru máli þegar hann tjáir sig um mig og fyrirtækið og það sem við höfum gert í blaðaviðtali. Alræðisvald Sjónar nær ekki út fyrir verk hans og það sem hefur gerst utan þeirra hefur gerst án tillits til þess sem hann heldur og það sem hefur ekki gerst hefur ekki gerst. Í viðtali við Friðriku Benónýsdóttur sem birtist í Stundinni segir Sjón:

*„Ég myndi nú ekki segja að hún sé mjög nákvæmlega byggð á Kára Stefánssyni þar sem ég hef aldrei hitt Kára Stefánsson og veit ekkert um hann annað en það sem hann hefur sagt frá sjálfum sér í sjónvarpsviðtölum og blöðum. Þessi persóna, Hrólfur Zóphanías, erfðalíffræðingur og forstjóri Codex, er byggður á ýmsum persónum, sem hafa nokkuð háar hugmyndir um eðli Íslendinga og hlutverk þeirra í tilverunni. Hið stóra verkefni sem var hrundið af stað hér upp úr 1992 eða þrjú, ég man það ekki, að kortleggja genamengi Íslendinga í þeim tilgangi að sanna að við værum mjög einslitt fólk og hreint erfðafræðilega séð er auðvitað ákveðinn hápunktur á íslenskri drambsemi og þess vegna kom í rauninni ekkert annað til greina en að vinna með efni úr þeirri átt.“*

Við þetta hef ég tvennt að athuga:

Ég hef aldrei tjáð háar hugmyndir um eðli eða hlutverk Íslendinga í sjónvarpsviðtali eða blaða, sem Sjón segir að séu einu heimildir hans um mig, einfaldlega vegna þess að mér finnst við vera næstum glæpsamlega venjuleg sem þjóð. Við eigum nokkra góða rithöfunda og ég er vissum að við Sjón erum sammála um að hann sé einn þeirra, einstaka góðan fótboltagutta og frábæra tónlistarmenn og aragrúa af óhæfum, spilltum stjórnmálamönnum. Öll mín vinna í vísindum síðustu tuttugu árin hefur byggst á þeirri forsendu að í samfélagi þjóðanna liggjum við nærri meðaltali á flestum sviðum. Í því felst kannski ofmat á aulunum, okkur.

Verkefnið stóra, að kortleggja genamengi Íslendinga, var ráðist í til þess eins að sækja skilning á því hvernig fjölbreytileiki í röðum niturbasa í erfðamengi manna getur af sér fjölbreytileika mannsins, eins og mismun á hættunni á sjúkdómum eða í starfi líffæra. Það var aldrei markmið með verkefninu að sanna að við værum „mjög einslitt fólk og hreint erfðafræðilega séð“. Það er meira að segja svo að ef við hefðum verið mjög einslitt fólk og hreint erfðafræðilega séð hefði verkefnið verið dauðadæmt frá upphafi. Það var hins vegar vitað löngu áður en ráðist var í þetta verkefni að tiltölulega lítill hópur forfeðra okkar gat af sér mjög stóran hundraðshluta af nútíma Íslendingum. Það er ekki skoðun, afstaða eða hegðun, heldur staðreynd um sögu okkar og þótt dramb geti verið staðreynd geta einungis þær staðreyndir sem lúta að hegðun eða skoðun flokkast sem dramb.

Síðar í viðtalinu segir Sjón:

*„Þannig að þú ert alltaf kominn eins og skot í ofurmennishugmyndir og kynþáttahyggju þegar farið er að vinna með erfðaefni.“*

Ég reikna ekki með að það búi mikil gagnaöflun að baki þessari staðhæfingu, vegna þess að hún er með ólíkindum. Ég þekki nokkur hundruð manns sem vinna með erfðaefni og kannast við í það minnsta þúsund aðra, og ég veit ekki til þess að nokkur þeirra sé með ofurmennishugmyndir eða aðhyllist kynþáttahyggju. Ég leyfi mér líka að fullyrða að ef Sjón skoðaði öll þau tímarit sem birt hafa niðurstöður rannsókna með erfðaefni síðastliðin 70 ár fyndi hann engar greinar sem einkennast af ofurmennishugmyndum eða kynþáttahyggju. Í þeirri mannskynssögu sem ég kann eru það fyrst og fremst austurrískur húsamálari og bandarískur forsetaframbjóðandi sem flíka ofurmennishugmyndum og kynþáttahyggju og ef ég man rétt hefur hvorugur þeirra unnið með erfðaefnið. Ég er handviss um að staðhæfingin hér að ofan gengi upp í bókum eftir Sjón, vegna þess að það gengur næstum allt upp í skáldsögunum hans fínu, en utan þeirra er þetta í besta falli heimskulegt þvaður.

Nú vil ég að það sé ljóst að ég er í raun réttri ekki að agnúast út í Sjón heldur leiðrétta mistök, sem honum urðu á í viðtalinu. Það er sagt um annan íslenskan rithöfund sem nú er látinn, að meðan hann hafi verið að skrifa skáldsögur og í nokkurn tíma eftir að hann lauk við þær hafi hann helst ekki yrt á aðra en persónur úr skáldsögunum. Það ber að líða rithöfundum sem eru nýbúnir að ljúka bók alls konar óskunda, vegna þess að það er oft löng leið og erfið frá heimi bókarinnar yfir í hversdagsleika okkar hinna. Ég reikna einfaldlega með því að Sjón sé rétt lagður af stað. Bjánaskapinn í viðtalinu lít ég einfaldlega á sem rúllugjald sem ég borga fyrir að fá að lesa góða bók. Eitt er víst að með þessari bók er Sjón og við hin sögu ríkari og engin ástæða til þess að ætla að hún gengisfalli fyrir það eitt að hún hafi að hluta til byrjað á einhvers konar bölvaðri vitleysu.








**SKIPHOLT 11 - 105 RVK**
**LAUSAR TIL AFHENDINGAR.**
- Glæsilegar 3 - 4 herb., nýjar útsýnisíbúðir á 4.hæð
- Íbúðir eru 120 – 130 fm / gengið inn af svölum.
- Rúmgóðar 30 – 70 fm suður-svalir með íbúðum.
- Lyfta er í húsi og sérmerkt bílastæði.
- Vandaðar innréttingar frá PARKA
- **Verð: 67,9 – 69.9 millj.**



**SKÚLAGATA 46 – 101 RVK**
**GÆTI VERIÐ LAUS FLJÓTLEGA**
- Vel skipulögð 2ja herb., í lyftuhúsi
- Rúmgott svefnherbergi
- Vestur-svalir með íbúð
- Stæði í bílgeymslu
- Öflugt húsfélag
- **V. 33,9 millj.**



**SOGAVEGUR – 108 RVK**
- Rúmgóð 183.4 fm hæð m/bílskúr
- 3 svefnherbergi / 2 rúmgóðar stofur
- 2 baðherbergi
- Eign verið endurnýjuð að hluta
- Tvöfaldur rúmgóður bílskúr
- Hús í góðu ástandi að utan og gróin lóð
- **V. 58,5 millj.**



**LAUGAVEGUR 5 – 101 RVK**
**LAUS TIL AFHENDINGAR**
- 2ja herb.íbúð á besta stað í 101
- Íbúð er mjög mikið endurnýjuð
- Nýtt eldhús, lökkuð gólf, ný máluð
- Frábær útleigueining eða fyrstu kaup
- LAUS TIL AFHENDINGAR
- **V. 34,9 millj.**



**HOLTSVEGUR 33 – URRIÐAHOLT**
**LAUS TIL AFHENDINGAR**
- Um er að ræða nýlega 2ja herb. 97.6 fm íbúð
- Húseign er nánast viðhaldsfrí.
- Íbúð er á annari hæð, aðeins 2 íbúðir á hæðinni.
- Bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi fylgir.
- Aukin lofthæð í íbúð / útsýni af svölum.
- **V. 38,9 millj.**



**FLÉTTURIMI 11 – 112 RVK**
**LAUS TIL AFHENDINGAR**
- Endurnýjuð 83.4 fm 2ja herb. íbúð
- Rúmgóð rými og aukin lofthæð í íbúð
- Íbúð er 70.4 fm og sérstæði í bílgeymslu
- Húseign er endurnýjuð töluvert að utan
- **V. 28,9 millj.**



**LAUGARVEGUR 159 – 105 RVK**
**LAUS TIL AFHENDINGAR**
- Endurnýjuð 3ja herb.íbúð á jarðhæð
- Íbúð er 74.7 fm auk sérgeymslu í kjallara
- 2 stofur / 1 svefnherb., mögulegt að breyta
- Allt meira og minna nýtt í íbúð
- Verið er að klára að endurnýja hús að utan
- **V. 35,9 millj.**

## Gömlu kempurnar fengu skell í bikarnum



**Engu gleymt** Logi Geirsson skoraði sex mörk og var markahæstur í liði Þróttar Vogum sem tapaði, 33-23, fyrir Gróttu í 16 liða úrslitum Coca Cola-bikarsins í gærkvöldi. Lið Þróttar Vogum spilar bara í bikarnum og mætir ávallt til leiks með stjörnum prýtt lið. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Ég var alveg niðurbrotinn

UFC staðfesti í gær að Gunnar Nelson mun ekki berjast við Kóreubúann Dong Hyun Kim í Belfast í næsta mánuði. Gunnar er meiddur á ökkla. Okkar maður vonast til þess að berjast sem fyrst á nýju ári.

**MMA** „Ég var á opinni æfingu hjá UFC í Dublin þegar ég meiðist. Það er frekar kaldhæðnislegt því ég er að sýna æfingar rólega fyrir blaðamenn er þetta gerist," segir bardagakappinn Gunnar Nelson en hann mun ekki ná því að berjast í aðalbardaga á bardagakvöldi í Belfast þann 19. nóvember næstkomandi vegna meiðsla.

Hann er mjög illa tognaður á ökkla og svo illa að það er engin leið að hann hefði náð bardaganum.

### Hélt andliti í tvær mínútur

„Ég er að snúa æfingafélaga minn rólega niður, og eiginlega of rólega, og þá leggst hann ofan á ökklann á mér þannig að það snýst illa upp á hann. Ég hélt áfram að glíma í svona tvær mínútur en sagði félaga mínum að ég hefði meitt mig. Ég hélt andliti í svona tvær mínútur en svo varð ég að hætta vegna verkja. Tíu mínútum síðar gat ég ekki einu sinni tyllt í fótinn."

Gunnar segist fljótlega hafa gert sér grein fyrir því að það yrði mikið kapphlaup að ná þessum bardaga.

„Ég var alveg niðurbrotinn fyrst og hélt að þetta væri búið. Þetta væri það alvarlegt. Þjálfarinn minn hélt í fyrstu að ég hefði brotnað en svo kom í ljós að ég hafði ekki brotnað. Þetta var alvarleg tognun innan og utan á ökklanum," segir Gunnar en hann gerði allt hvað hann gat til að fá sig góðan af meiðslunum.

### Gerði allt sem hann gat

„Ég fékk ráðleggingar frá ökklasérfræðingi í Dublin um að ég ætti að hvíla þetta alveg í viku. Byrja svo að hreyfa ökklann í vatni ásamt því að vera stanslaust að kæla og hita ökklann til skiptis. Svo átti ég að gera stigvaxandi álagsæfingar fyrir ökklann þegar hann væri orðinn betri. Ég var farinn að geta labbað nokkuð eðlilega eftir svona tíu daga. Þá fór ég að verða bjartsýnn á ný. Það voru miklar sveiflur í þessu."

Þetta gekk allt saman ágætlega hjá Gunnari en þegar kom að því að láta reyna á ökklann af alvöru þá uppgötvaði hann að ökklinn yrði aldrei nógu góður fyrir bardagann í Belfast.

„Ég á enn nokkuð í land með að verða nógu góður og þjálfararnir mínir sögðu að ég yrði bara að sætta mig við að ég myndi ekki geta barist að þessu sinni," segir Gunnar og vonbrigðin leyna sér ekki í andliti hans.



Gunnar ætlar að snúa sterkur til baka á nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Það er erfitt að lýsa því hvað ég er svekktur. Ég hef barist einu sinni á Írlandi og það var alveg geðveikt. Nú átti ég að vera í aðalbardaga og þvílíkt mikið af fólki sem var á leiðinni út til að styðja mig. Mig langaði svo mikið að vera þarna en svo gerist eitthvað sem maður ræður ekki við. Þetta er bara ömurlegt fyrir alla."

Gunnar segir það vera nokkuð ljóst úr þessu að hann berjist ekki aftur á þessu ári. Næst er að ná sér heilum og svo getur hann farið að leita að andstæðingi aftur.

„Ég talaði við John þjálfara og hann sagði að það væri best að byrja á því að ná mér alveg góðum. Það væri klúður að reyna að koma á einhverjum bardaga núna og lenda svo í því að vera ekki orðinn nógu góður. Eiga jafnvel lélegar æfingabúðir og vera í veseni þegar kæmi að bardaga," segir Gunnar en hann vonar þó að hann verði orðinn góður fyrir jól og geti síðan farið að skoða landslagið.

„Ég er að vonast eftir því að geta barist aftur eins fljótt á nýju ári og mögulegt er." henry@frettabladid.is

FUDGE
Mættu og taktu númer
FUDGE
FUDGE
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE
FUDGE
S: 5513010

## Nýjast

### Enski deildabikarinn

**Arsenal - Reading 2-0**
1-0 Alex Oxlade-Chamberlain (34.), 2-0 Alex Oxlade-Chamberlain (78.).

**Bristol - Hull 1-2**
0-1 Harry Maguire (44.), 0-2 Michael Dawson (47.), 1-2 Lee Tomlin (90.).

**Leeds - Norwich 2-2**
0-1 Alex Pritchard (14.), 1-1 Marcus Antonsson (43.), 1-2 Nélson Oliveira (99.), 2-2 Chris Wood (109.)
**Leeds vann, 3-2, í vítaspyrnukeppni.**

**Liverpool - Tottenham 2-1**
1-0 Daniel Sturridge (9.), 2-0 Daniel Sturridge (64.), 2-1 Vincent Janssen (76.).

**Newcastle - Preston 6-0**
1-0 Aleksandar Mitrovic (19.), 2-0 Mohamed Diame (38.), 3-0 Matt Ritchie (53.), 4-0 Aleksandar Mitrovic (55.), 5-0 Mohamed Diame (87.), 6-0 Ayoze Perez (90.).
*Rautt: Alan Browne, Preston (25.).*

AÐEINS EITT SÆTI EFTIR
Stjörnum prýtt lið Þróttar Vogum er úr leik í Coca Cola-bikar karla í handbolta eftir tap gegn Gróttu sem verður í hattinum þegar dregið verður í átta liða úrslitin. Víkingur vann sannfærandi sigur á KR í gær í uppgjöri tveggja fyrstu deildar liða og er einnig kominn áfram ásamt HK, Fram, Selfossi, Aftureldingu og Stjörnunni. Einn leikur er eftir en á laugardaginn mætast ÍBV 2 og Mílan.

HARALDUR Í STJÖRNUNA
Pepsi-deildarlið Stjörnunnar tilkynnti á Facebook-síðu sinni í gær að það væri búið að ná samningum við markvörðinn Harald Björnsson en hann samdi við Garðabæjarfélagið til þriggja ára. Haraldur er 27 ára gamall markvörður sem varði mark U21 árs landsliðsins í lokamótinu í Danmörku 2011. Hann er uppalinn Valsmaður og fór þaðan í atvinnumennsku fyrir fimm árum. Hann spilaði með Sarpsborg, Östersund og nú síðast Lilleström í norsku úrvalsdeildinni þar sem hann vermir tréverkið. Haraldur spilaði síðast vináttulandsleik fyrir Ísland í janúar en hann á að baki 27 leiki fyrir yngri landslið Íslands. Haraldur er þriðji aðalmarkvörðurinn sem Stjarnan fékk til sín eftir að Ingvar Jónsson fór í atvinnumennsku haustið 2014. Fyrir ári stóð Gunnar Nielsen í marki Stjörnunnar en hann fór í FH og í sumar var aðalmarkvörður liðsins Jamaíkumaðurinn Duwayne Kerr sem fór áður en tímabilið var búið. Stjarnan hafnaði í öðru sæti á síðustu leiktíð og verður í Evrópudeildinni næsta sumar.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.40 | **West Ham - Chelsea** | Sport 2 |
| 18.55 | **Man. Utd - Man. City** | Sport |
| 19.05 | **Grindavík - Snæfell** | Sport |

**Domino's-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | **Grindavík - Snæfell** | Röstin |
| 19.15 | **Keflavík - Valur** | TM-höllin |
| 19.15 | **Skallagr. - Njarðvík** | Borganes |
| 19.15 | **Haukar - Stjarnan** | Schenkerh. |




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 26. október 2016 | 41. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2
**Ekki nóg að vera betri en hinir**
Edda Hermannsdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir fjalla um jafnréttismál í atvinnulífinu.

»4
**Stórfyrirtæki kaupir Vaka**
Vaki fiskeldiskerfi, sem verið hefur leiðandi á sínu sviði í heiminum, hefur verið selt.

»4
**Uppgjörin hrúgast inn**
Í dag byrja uppgjör fyrirtækja í Kauphöllinni að streyma inn. Spáð er vexti hagnaðar margra félaga.

»8
**Slakar á með krimmum**
Berta Daníelsdóttir tók við sem framkvæmdastjóri Sjávarklasans eftir átján ára starf hjá Marel.

»11
**Svíkja vonandi loforðin**
Lars Christensen vonar að stjórnmálaflokkarnir standi ekki við kosningaloforðin.




## Staða hagkerfisins

Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur gjörbreytt ásýnd íslenska hagkerfisins. Ný staða mun krefjast agaðrar hagstjórnar.

» 6

FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR





Eyjólfur Pálsson, stofnandi Epal, er stærsti hluthafi Epal og átti tæplega 52 prósenta hlut í árslok 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hagnaður Epal minnkar

Á árinu 2015 var hagnaður á rekstri Epal hf. að fjárhæð 39,6 milljónir króna, samanborið við 41,3 milljóna króna hagnað árið áður. Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að hagnaðinum verði varið til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé fyrra árs.

Eignir félagsins námu 424 milljónum króna í árslok, samanborið við 359,4 milljónir króna árið áur.

Eigið fé nam 207 milljónum samanborið við 181 milljón í árslok 2014. Skuldir námu 217 milljónum í árslok 2015, samanborið við 178 milljónir árið áður.

Eyjólfur Pálsson, stofnandi Epal, er stærsti hluthafi Epal og átti tæplega 52 prósenta hlut í árslok 2015. Framkvæmdastjóri Epal í árslok 2015 var Kjartan Páll Eyjólfsson.

**39,6**

**milljóna króna hagnaður var hjá Epal hf.**

Á árinu 2015 störfuðu hjá Epal að meðaltali 14 starfsmenn og námu launagreiðslur til þeirra 117,4 milljónum króna. Þóknun til stjórnar og endurskoðenda var engin.

Epal design ehf., dótturfélag Epal, sem sinnti sölu á hönnunarvöru í fríhöfnum, tapaði 23,6 milljónum á síðasta ári, samanborið við 14 milljóna króna hagnað árið áður. Rekstri félagsins var hætt í ár. – sg

## Vikan sem leið

**30%**

**lægri meðallaun**

Árið 2015 voru konur með tæplega 30 prósent lægri atvinnutekjur en karlar á Íslandi, en þá er átt við allar tekjur af atvinnu án tillits til vinnutíma. Um 20 prósenta munur var á heildarlaunum en um 14 prósenta munur á reglulegum launum án yfirvinnu, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Óleiðréttur launamunur mældist 17 prósent árið 2015.

**13**

**þúsund milljarðar**

Bandaríski fjarskiptarisinn AT&T og Time Warner hafa gert með sér samkomulag um kaup fyrrnefnda fyrirtækisins á því síðarnefnda. Heildarvirði Time Warner í þessum viðskiptum er 110 milljarðar dollara eða tæplega 13 þúsund milljarðar króna. Þetta eru stærstu viðskipti ársins ef af verður, en þau eru háð samþykki stjórnvalda í Bandaríkjunum.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Hafliði Helgason hafliði@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






Ragnhildur Steinunn og Edda koma úr ólíkum geirum og áttum að bókinni og segja gaman að sameina krafta sína með henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ekki nóg að vera betri en önnur lönd

**Edda Hermannsdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir gefa í byrjun næsta árs út viðtalsbók um jafnréttismál í atvinnulífinu. Þær lögðu upp úr því að tala við fólk sem hefði ekki tjáð sig um málið áður og að heyra hlið beggja kynja.**

„Ísland trónir efst á listum um jafnrétti og hefur gert það síðustu sex árin, en við erum að reyna að átta okkur á hver sé raunveruleg staða jafnréttismála hér á landi, hvernig fólk í mismunandi geirum sé að upplifa stöðuna,“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, en þær Edda Hermannsdóttir hafa ritað viðtalsbók um jafnréttismál sem gefin verður út í byrjun næsta árs.

Bókin, Forystuþjóð, er gefin út í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, og hafa þær fengið stuðning frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og velferðarráðuneytinu.

„Þetta eru yfir 30 sögur ólíks hóps úr mismunandi geirum,“ segir Ragnhildur Steinunn. „Við lögðum mikla áherslu á að fá fólk til að tjá sig um þetta mál sem hefur ekki verið að gera það áður og að fá karla inn í umræðuna líka.“

„Það sem er áhugavert við þetta er að fólk er mjög ósammála um hvaða leiðir eigi að fara til að ná jafnréttismarkmiðum. Okkur finnst umræðan búin að vera ansi einsleit, og sami hópurinn er svolítið búinn að vera að tala um þetta. Sumir viðmælendur eru mjög hlynntir kynjakvótum og jafnlaunavottun, á meðan aðrir eru algjörlega ósammála því,“ segir Edda.

> **Fólk er mjög ósammála um hvaða leiðir eigi að fara til að ná jafnréttismarkmiðum.**
>
> Edda Hermannsdóttir

„Við erum búnar að vinna þessa bók í yfir ár og það sem hún hefur gert fyrir okkur er það sem við vonum að hún geri á markaðnum, að hún hristi upp í hugmyndum okkar,“ segir Ragnhildur Steinunn.

„Við endurskilgreinum svolítið jafnréttisbaráttuna, og vonandi fer fólk að hugsa á annan hátt um brýnustu efnin,“ segir Edda.

„Ég held að það sé lína í bókinni að allir séu sammála um að við séum komin langt, þess vegna heitir hún Forystuþjóð. Hugmyndin að bókinni kviknaði í fyrra þegar við vorum að fagna 100 ára kosningaréttarafmæli kvenna, mikið hefur áunnist en mörg baráttumál eru eftir,“ segir Edda.

Ragnhildur Steinunn bendir á að þótt halli oftast á einn veg séu einnig ýmis jafnréttismál sem varða karla. „Fæðingarorlof feðra og feðraréttinn eru ekki síður mál sem við eigum öll að berjast fyrir.“

„Ísland hefur allt til að vera forystuþjóð á sviði jafnréttis. Við höfum það rosalega gott lagalega, en við þurfum líka að átta okkur á því að ef ósanngirni ríkir, verður hún ekki minni með því að benda á aðrar þjóðir og segja þær hafa það verra. Við eigum ekki að sætta okkur við það. Við eigum að fara alla leið og vera forystuþjóð,“ segir hún.

Þær segjast hafa fundið mikinn meðbyr með bókinni, fjölmörg fyrirtæki hafa nú þegar keypt hana fyrir sína stjórnendahópa. Þær vilja skapa líflegar umræður þegar bókin kemur út og segja að mikil vitundarvakning sé nú í jafnréttismálum. „Það verða líklega tekin ákveðin skref í þessari byltingu í róttæka átt á næstunni,“ segir Edda. **saeunn@frettabladid.is**

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 26. október**

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vinnumarkaður í september 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Hverjir eiga viðskipti með íbúðarhúsnæði?

**NÝHERJI**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**MAREL**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**ÖSSUR**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**VODAFONE**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**VÍS**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**Fimmtudagur 27. október**

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í september 2016

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala neysluverðs í október 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Fjöldi útgefinna vegabréfa

**LANDSBANKINN**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**VODAFONE**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**MAREL**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**SÍMINN**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**TM**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

**Föstudagur 28. október**

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í september 2016

**SÍMINN**
- Kynningarfundur þriðja ársfjórðungs 2016

**ICELANDAIR GROUP**
- Þriðji ársfjórðungur 2016

visir Allar markaðsupplýsingar

# Atvinnuhúsnæði til sölu í miðbæ Reykjavíkur

**Viðskiptahúsið fasteignamiðlun ehf óskar eftir tilboði í eftirfarandi atvinnuhúsnæði á besta stað í miðbæ Reykjavíkur.**



## Vesturgata 2
## KAFFI REYKJAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fastanr.** | 200-2577 | **Fasteignamat:** | 254,100,000 |
| **Birt stærð:** | 1314,8m2 | **Brunabótamat:** | 211,600,000 |
| **Byggingarár:** | 1920 | **Matshluti:** | 01 |

Um er að ræða eitt af kennileitum miðbæjarins.
Húsið er timburbygging á steinkjallara og er tvær hæðir auk rishæðar.
Kjallarinn er undir hluta hússins.
Fjölbreytt starfsemi hefur verið í húsinu í gegnum tíðina og er nú rekið sem veitingahús undir nafni Kaffi Reykjavík. Húseignin er í útleigu.



## Vesturgata 2
## (Tryggvagata 20)
## Grillhúsið / Glaumbar

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fastanr.** | 200-2578 | **Fasteignamat:** | 109,200,000 |
| **Birt stærð:** | 488,9m2 | **Brunabótamat:** | 302,750,000 |
| **Byggingarár:** | 1990 | **Matshluti:** | 02 |

Um er að ræða steypt hús á tveim hæðum með kjallara undir hluta þess.
Í húsinu er rekinn matsölustaður á neðri hæð og krá/skemmtistaður á efri hæð.
Húseignin er í útleigu til 2ja rekstaraðila.




## Naustin 1
## (Hafnarstræti 1b)
## Dubliners

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fastanr.** | 200-2582 | **Fasteignamat:** | 128,500,000 |
| **Birt stærð:** | 743,3m2 | **Brunabótamat:** | 144,250,000 |
| **Byggingarár:** | 1910 | **Matshluti:** | 02 |

Um er að ræða þrílyft bárujárnsklætt timburhús í hjarta miðbæjarins sem nýtt er í dag undir rekstur á krá. Húseignin er í útleigu.



## Ingólfsstræti 2a
## Gamla Bíó –
## Petersen Svítan

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fastanr.** | 200-4314 | **Fasteignamat:** | 186,650,000 |
| **Birt stærð:** | 1751,6m2 | **Brunabótamat:** | 710,400,000 |
| **Byggingarár:** | 1926 | **Matshluti:** | 01 |

Um er að ræða eitt af fallegri húsum miðborgarinnar, teiknað af Erlendi Einarssyni. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsnæðinu sem hafa aukið notagildi þess verulega. Húsið nýtist sem samkomuhús, fyrir sitjandi og standandi tónleika, veislur, fundir ofl. Í þakrými er rekinn bar/kaffihús undir nafni Petersen Svítan. Húseignin er í útleigu.

**Seljandi leitar eftir tilboði í allar eignirnar og/eða í hverja eign fyrir sig**

Seljandi áskilur sér rétt á öllum stigum söluferlisins til að taka hvaða tilboði sem er, hafna þeim öllum, breyta söluferlinu eða falla frá því alfarið. Áhugasamir kaupendur þurfa að sýna fram á fjárhaglegan styrk til kaupanna.

VIÐSKIPTAHÚSIÐ
FASTEIGNAMIÐLUN EHF

Frekari upplýsingar veitir
Jóhann M. Ólafsson, lögg.fasteignasali í síma 863 6323 (johann@vidskiptahusid.is)
eða Vala Hauksdóttir, aðstm. fasteignasala í síma 690 6590 (vala@vidskiptahusid.is)

Hlíðasmára 6, 201 Kópavogi | Sími 566 8800 | vidskiptahusid.is



Hagfræðideildin áætlar minnkandi hagnað fyrir skatt hjá öllum tryggingafélögunum, samanborið við sama ársfjórðung í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Auknum hagnaði spáð hjá mörgum félögum

Tólf uppgjör þriðja ársfjórðungs eru væntanleg á næstu dögum, fimm í dag, sex á morgun og eitt á föstudag. Ljóst er að í vikulok mun ákveðin mynd verða komin á hvernig ársfjórðungurinn var hjá helstu fyrirtækjum landsins. Hagfræðideild Landsbankans spáir svipaðri afkomu hjá Icelandair, aukningu hagnaðar hjá fjölda fyrirtækja, en minni hagnaði hjá Vodafone og tryggingafélögunum.

Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að rekstrarafkoma Icelandair verði svipuð og á sama fjórðungi í fyrra og nálægt því sem spáð var í síðasta verðmati deildarinnar. Hins vegar er því spáð að neikvæð þróun ytri þátta, sér í lagi styrking krónunnar, valdi því að afkoma á fjórða ársfjórðungi verði töluvert lakari en í fyrra. Gangi spár eftir verður EBITDA ársins 214 milljónir dollara.

Deildin spáir að tekjur og hagnaður Marel muni aukast milli ára á þriðja ársfjórðungi. Á fyrsta helmingi ársins lækkuðu pro forma tekjur um 1,3 prósent og ekki er ólíklegt að slíkt hið sama gerist á þessum ársfjórðungi. Ytri vöxtur á árinu 2016 mun líklega skila 20 prósent tekjuvexti. Að mati hagfræðideildarinnar er þessu tímabili vaxtar að öllum líkindum lokið.

Spáð er lítilli aukningu í sölu hjá Vodafone á þriðja ársfjórðungi og að hagnaður tímabilsins muni dragast saman um helming milli ára. Engum stórum breytingum er spáð á fjórðungnum.

**214**

**milljón dollara EBITDA er spáð hjá Icelandair Group árið 2016.**

**» Hagfræðideild Landsbankans telur að þrátt fyrir hækkun EBITDA sé EBITDA spá N1 enn of lág**

Því er spáð að hagræðingaraðgerðir Símans hafi byrjað að skila árangri á fjórðungnum en að fyrirtækið muni þó ekki ná að enda árið innan þess bils sem stjórnendur hafa gefið upp. Sala mun aukast örlítið milli ára og hagnaður einnig. Sala fyrirtækja, Talenta og Staka Automation, er meginskýring aukins hagnaðar.

Hagfræðideildin áætlar minnkandi hagnað fyrir skatt hjá öllum tryggingafélögunum, samanborið við sama ársfjórðung í fyrra.

N1 gaf út afkomuviðvörun fyrir uppgjör fjórðungsins, þar sem kom fram að rekstur félagsins hafi gengið mjög vel á fjórðungnum, sérstaklega vegna fjölgunar ferðamanna. Í ljósi þess var EBITDA félagsins hækkuð. Hagfræðideild Landsbankans telur að þrátt fyrir hækkun sé spáin enn of lág. Spáð er minni sölu en í fyrra, hærri EBITDA á fjórðungnum og meiri hagnaði fyrir tímabilið. **– sg**

GEFÐU ÞÉR TÍMON

Tímon.is

Færir þér nauðsynlega sýn á mannauðinn



Ánægja er meðal forsvarsmanna Vaka fiskeldiskerfa með kaup bandaríska stórfyrirtækisins Pentair á fyrirtækinu. Forstjóri Vaka sér mikil framtíðartækifæri með nýjum eiganda.

# Stórfyrirtæki kaupir Vaka fiskeldiskerfi

**Pentair, sem er skráð félag í kauphöllinni í New York, hefur keypt Vaka fiskeldiskerfi. Áætluð velta Vaka á þessu ári er 1,3 milljarðar króna. Stöðugleiki hefur einkennt rekstur Vaka . Bandaríska fyrirtækið sérhæfir sig í vatnsgæðum og veltir yfir 900 milljörðum króna og er með 30 þúsund starfsmenn í 60 löndum.**

Bandaríska fyrirtækið Pentair Aquatic Eco Systems Ltd. hefur fest kaup á Vaka fiskeldiskerfum. Vaki, sem hlotið hefur bæði Nýsköpunarverðlaun Útflutningsráðs og Útflutningsverðlaun forseta Íslands, hefur verið leiðandi afl í vöruþróun innan fiskeldis um allan heim í þrjá áratugi.

„Við erum mjög ánægð með þessi viðskipti og teljum þau mikla viðurkenningu fyrir stöðu og starfsemi okkar undanfarin ár,“ segir Hermann Kristjánsson, forstjóri Vaka. Hann segir kaupin hafa átt sér nokkurn aðdraganda en Pentair sé ekki fyrsta fyrirtækið sem sýni Vaka áhuga. „Sterk staða Vaka á helstu mörkuðum og öflug nýsköpun, þar sem beitt er nýjustu tækni við myndgreiningu og tölvusjón, hefur vakið áhuga margra aðila, og er Pentair ekki fyrsta fyrirtækið sem sýnir Vaka áhuga,“ segir Hermann. Hann segist sjá mikil tækifæri til framtíðar fyrir fyrirtækið með nýjum eiganda.

Áætluð velta á þessu ári er 1,3 milljarðar króna, en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) í fyrra var 139 milljónir króna. Verð í viðskiptunum er trúnaðarmál, en rekstur fyrirtækisins hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár og afkoman góð.

**Við erum mjög ánægð með þessi viðskipti og teljum þau mikla viðurkenningu fyrir stöðu og starfsemi okkar undanfarin ár**



Hermann Kristjánsson, forstjóri Vaka

Hjá fyrirtækinu starfa nú 28 manns hér á Íslandi, auk 22 til viðbótar í dótturfélögum í Chile, Noregi og Skotlandi. Yfir 90% af umsvifum Vaka eru á erlendum mörkuðum og áherslan hér heima er á vöruþróun, þjónustu og sölu. Framleiðslan hefur að mestu leyti verið hjá íslenskum undirverktökum sem sinna bæði rafeindavinnu, stálsmíði og samsetningu af ýmsum toga. Helstu vörur Vaka eru fiskiteljarar, búnaður til stærðarmælinga á eldisfiski, ásamt dælum, flokkurum, fóðurkerfi og öðrum vörum fyrir iðnvætt fiskeldi.

**900**

**milljarðar er velta Pentair sem hefur gengið frá kaupum á Vaka**

Pentair er skráð í kauphöllina í New York og hefur 30.000 starfsmenn í 60 löndum sem starfa m.a. innan orkugeirans, matvælaiðnaðar, vatnsmeðhöndlunar og fjarskipta og er veltan um átta milljarðar dollara eða yfir 900 milljarðar króna. Fyrirtækið sérhæfir sig í búnaði til vatnshreinsunar og auðgunar vatnsgæða, hönnun endurnýtingarkerfa fyrir fiskeldisstöðvar, vatnsdælum, fiskidælum og mælibúnaði af ýmsum toga.

**haflidi@frettabladid.is**

# Sushisamba hagnast um 28 milljónir

Sushisamba ehf., sem rekur samnefndan veitingastað í miðbæ Reykjavíkur, hagnaðist um 27,9 milljónir króna árið 2015. Hagnaðurinn jókst töluvert milli ára, en hann nam 16,6 milljónum króna árið 2014.

Rekstrartekjur jukust einnig, þær námu 337 milljónum á síðasta ári, samanborið við 308 milljónir árið áður.

Eigið fé í lok ársins nam 21,1 milljón króna og lækkaði það um fjórar milljónir milli ára. Eignir í árslok námu 65,7 milljónum, samanborið við 54 milljónir árið áður. Skuldir námu 44,6 milljónum króna, samanborið við 29 milljónir árið áður.

Í árslok 2015 áttu tveir hluthafar yfir 10 prósenta eignarhlut í félaginu, BBN ehf. átti 60 prósenta hlut, en Gunnsteinn Helgi Maríusson átti 20 prósenta hlut. Ingimundur Valmundsson átti 10 prósenta hlut í félaginu og Sushisamba ehf. átti 10 prósent í sjálfu sér. Sushisamba var einn af tíu vinsælustu veitingastöðum landsins í byrjun árs samkvæmt tölum frá Meniga.

Framkvæmdastjóri í árslok var Gunnsteinn Helgi Maríusson. Ársverk voru samtals sautján. **– sg**



Sushi er einn vinsælasti rétturinn á Íslandi.

**Sushisamba var einn af tíu vinsælustu veitingastöðum landsins í byrjun árs samkvæmt tölum Meniga**



www.jolagestir.is
Jolagestir
MIÐASALA ER
HAFIN!
FJARÐARKAUP OG GÓA KYNNA MEÐ STOLTI
10. DESEMBER
Í HÖLLINNI
Jólagestir
2016
Björgvins
Hver verður
JÓLASTJARNAN
2016?
Fylgstu með á
STÖÐ 2
Við komum með
10
Ára
AFMÆLISTÓNLEIKAR
jólin til þín!
ÁGÚSTA EVA · EYÞÓR INGI · FRIÐRIK DÓR · GISSUR PÁLL · JÓHANNA GUÐRÚN
RAGGA GÍSLA · SVALA BJÖRGVINS · JÓLASTJARNAN 2016
SÉRSTAKUR GESTUR THORSTEINN EINARSSON
Góa
Stofnað 1968
FK
FJARÐARKAUP
sena
LIVE!
Miðasala á Tix.is og í síma 551-3800. Nánar á www.sena.is/jolagestir.

# Hagkerfið þarfnast mjög agaðrar hagstjórnar á komandi kjörtímabili

**Staða hagkerfisins er um margt einstök. Atvinnuleysi er í lágmarki og verðbólga innan markmiða Seðlabankans. Afgangur er af viðskiptum við útlönd og skortur á gjaldeyri sem oft hefur þjáð þjóðina hefur breyst í innflæðisvandamál. Staða þjóðarbúsins vegna ferðamannastraums er betri en nokkurn gat órað fyrir. Hætturnar eru þó skammt undan og ofhitnun hagkerfisins er enn á ný raunveruleg hætta.**

Hafliði Helgason
hafliði@frettabladid.is





Staða íslenska hagkerfisins er einstök um þessar mundir og spár hagfræðinga eru samhljóða um að ekki sjái fyrir endann á uppsveiflunni á komandi árum. Allt sem Íslendingar óttast í venjulegu árferði virðist vera í lagi.

Staðan er óumdeilanlega góð, en það er ekki að ástæðulausu að hagfræðin er stundum uppnefnd hin döpru vísindi. Þessar aðstæður kalla á varkárni ef hagkerfið á ekki að ofhitna með tilheyrandi skelli í lok hagsveiflu.

**-1%**

**var undirliggjandi staða þjóðarbúsins um mitt ár. Hraðbyri stefnir í að erlendar eignir verði meiri en skuldir.**

### Slakinn farinn

„Við erum á þeim stað að allur slaki er farinn úr hagkerfinu," segir Ásgeir Jónsson, deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands. Hann segir hagsveifluna að því leyti ólíka fyrri hagsveiflum að skuldsetning sé lítil og skuldir heimila hafi lækkað. Síðasta hagsveifla var að stórum hluta til keyrð áfram af lántökum með miklum viðskiptahalla. Nú er afgangur af viðskiptum við útlönd.

ASÍ gaf út sína hagspá í síðustu viku. Spá ASÍ er að hagvöxtur þessa árs verði 4,7% og 5,4% yfir árið 2017 en eftir það fari að hægja á hagvexti. ASÍ ofmat í fyrri spá vöxt einkaneyslu, en heimilin virðast hafa lækkað skuldir og nýtt kaupmáttaraukningu til að styrkja eiginfjárstöðu sína með sparnaði. ASÍ gerir ráð fyrir að einkaneyslan fari nú hratt vaxandi og heimilin nýti svigrúmið sem skapast til stórkaupa, bílakaupa og utanlandsferða. Þó einkaneyslan hafi vaxið hægar en kaupmáttur í upphafi sveiflunnar eru vísbendingar um að vöxtur hennar sé hratt vaxandi. Spurningin er hvort dramatískur endir síðustu hagsveiflu sé enn í svo fersku minni að skuldsetning verði áfram minni en venjulega í íslenskum hagsveiflum.

### Skuldum frekar lítið

Skuldir heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eru nú minni en á Norðurlöndunum utan Finnlands. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar. Ef heimili, fyrirtæki og opinberir aðilar nýta svigrúm þessarar uppsveiflu til að styrkja eiginfjárstöðu sína, þá væri hagkerfið vel undir það búið að mæta ófyrirséðum áföllum. Í ljósi sögunnar er það þó ekki mjög líklegt.

Hagvöxtur á Íslandi hefur verið mun meiri en í nágrannalöndum og þar sem þjóðinni hefur ekki fjölgað svo neinu nemi, þá klifrum við hratt upp listann yfir þjóðir með mestu landsframleiðslu á mann. Á þessu ári munum við klifra enn hærra upp listann og erum þá komin í hóp fimm efstu þjóða í Evrópu á þennan mælikvarða. Fyrir ofan öll Norðurlöndin nema Noreg. Miðað við hagspár ættu lífskjör á Íslandi að vera í hópi þeirra bestu í heiminum á komandi árum ef rétt er á málum haldið.

### Ruðningsáhrif ferðaþjónustu

Þetta ef er býsna stórt. Það er vel þekkt í hagsögunni að ríki sem hafa allar forsendur til að tryggja varanlega velsæld hafa með röngum ákvörðunum búið svo um hnúta að hagkerfið hefur verið ein rjúkandi rúst eftir uppsveiflur. Við þurfum svo sem ekki að leita út fyrir landsteinana til þess að finna dæmi, en önnur dæmi eru Argentína sem var fjórða ríkasta land heims í byrjun 20. aldar. Hollendingar misstu tökin á hagkerfi sínu þegar þeir leyfðu hagnaði af gasvinnslu að renna inn í hagkerfið og fengu heilt hugtak í hagfræðinni kennt við sig, hollensku veikina.

Ferðaþjónustan, miðað við vöxt og viðgang hennar að undanförnu, getur orðið veira íslensku veikinnar. Ásgeir Jónsson bendir á ruðningsáhrif af sterkara gengi krónunnar vegna ferðamannastraumsins. „Ferðaþjónustan virðist þola hækkandi gengi krónunnar, en aðrar útflutningsgreinar fara að kveinka sér verulega. Sjávarútvegurinn er jafnvel farinn að finna fyrir þessu og kallar þó ekki allt ömmu sína gagnvart háu gengi."

### Erfitt fyrir nýsköpun

Þekkt er í sögunni að góð ár í sjávarútvegi styrktu krónuna sem olli öðrum útflutnings- og samkeppnisgreinum verulegum vanda. „Við erum kannski að komast á sama stað og við vorum á hér á árum áður þegar sjávarútvegurinn keyrði upp gengið og aðrar útflutningsgreinar gáfust upp," segir Ásgeir.

**Landsframleiðsla á mann í Bandaríkjadollurum**
miðað við kaupmáttarjafnvægi (PPP) 1990 – 2015




**Gengisvísitala krónunnar og úrvalsvísitalan**
janúar 2013–október 2016




**Undirliggjandi erlend staða þjóðarbúsins**
2007–2016




> **Það verður ekki séð að þeir leitniferlar sem hófust fyrir fjórum til fimm árum séu að rofna sem felst í mikilli fjölgun ferðamanna og hagstæðri þróun viðskiptakjara.**
>
> Ásgeir Jónsson, deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands

Nýsköpunarfyrirtæki sem byggja á menntuðu vinnuafli og eru til lengri tíma líkleg til að skapa fleiri hálaunastörf finna fyrir þessu. Launahækkanir og styrking krónu veldur því að ef svo heldur áfram verða þau ekki samkeppnishæf við nágrannalöndin. Með öðrum orðum að nýgræðingur getur ekki vaxið í skugga vaxtargreinarinnar ferðaþjónustu sem skapar fleiri láglaunastörf en hálaunastörf. Þetta getur haft mikla þýðingu þegar lengra er horft fram á veginn.

Ekkert bendir enn til að breyting verði á þessari þróun. „Það verður ekki séð að þeir leitniferlar sem hófust fyrir fjórum til fimm árum séu að rofna sem felst í mikilli fjölgun ferðamanna og hagstæðri þróun viðskiptakjara," segir Ásgeir.

### Gjaldeyristaðan brátt jákvæð

Staða Íslands gagnvart útlöndum hefur aldrei verið betri og var neikvæð um eitt prósent í lok annars ársfjórðungs 2016. Þriðji ársfjórðungur er stærsti fjórðungurinn í ferðaþjónustu, enda þótt vel hafi tekist að auka hana á öðrum árstímum. Það þýðir að Íslendingar verða orðnir nettóeigendur að gjaldeyri í lok þriðja ársfjórðungs. Það hefur sennilega bara gerst einu sinni í samtímasögunni, á seinni styrjaldarárum þegar fiskverð var hátt og takmörk fyrir því sem við gátum keypt á móti frá stríðshrjáðum nágrönnum okkar.

Sú ríkisstjórn sem tekur við eftir kosningar mun þurfa að axla mikla ábyrgð. Vandinn er kannski sá að verði hagstjórnarmistök gerð á næsta kjörtímabili, þá munu þau ekki koma í bakið á okkur á líftíma næstu stjórnar. Það skapar vissa hættu á að skammtímasjónarmið stjórnmálamanna verði ofar langtímahugsun.

### Tækifæri til að opna

Óvissa um framhaldið endurspeglast einna best í kauphöllinni. Eftir miklar hækkanir hefur hlutabréfa-

# SÆBJÚGU – HEILSUFÆÐA Í HYLKI

**Arctic Star kynnir** Sæbjúgu eru þekkt heilsufæða í Kína en Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og eru þau notuð til bóta á ýmsum meinum. Nú má fá þau góðu áhrif sem sæbjúgum fylgja á einfaldari máta en þau fást í handhægum hylkjum. Sandra Yunhong She hefur hefur notað sæbjúgnahylkin með góðum árangri og mælir með þeim.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í því en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Sæbjúgu hafa verið þekkt sem heilsufæði í gegnum aldirnar í Kína, ættlandi Söndru Yunhong She, eiganda Arctic Star, framleiðanda sæbjúgnahylkjanna. Þar eru þau notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

**JÁKVÆÐ ÁHRIF**

„Heima hjá mömmu voru sæbjúgun elduð. Það tekur hins vegar mjög langan tíma að gera það og menn eru ekki að elda sæbjúgu daglega. Við fengum því þá hugmynd að búa til sæbjúgnahylki svo fólk geti fengið heilsubótarefnin úr sæbjúgunum daglega, á auðveldan máta,“ útskýrir Sandra. Áður en Sandra og fjölskylda fóru að framleiða hylkin og markaðssetja þau gerðu þau nokkurs konar tilraunir á sjálfum sér og sínum nánustu. „Við tókum sæbjúgnahylkin í um tvö ár áður en við fórum að framleiða þau. Fyrir mig virkaði þetta afskaplega vel og meðal annars varð ónæmiskerfið í mér sterkara. Þegar ég var yngri fékk ég alltaf flensu nokkrum sinnum á ári. Á síðustu árum hef ég varla orðið veik. Þegar flensan er úti um allt í þjóðfélaginu fæ ég í mesta lagi smá hausverk í einn dag en ekki meir. Þannig að ég finn mikinn mun á mér.“ Sæbjúgnahylkin fóru í framleiðslu fyrir um tveimur árum. Þeir sem fengu að prófa sæbjúgnahylkin höfðu yfirleitt góða sögu að segja af þeim. „Flestir sem hafa prófað þetta hjá okkur komast að sömu niðurstöðu, að þetta sé gott fyrir liðamótin, minnki liðverki, lækki kólesteról og auki blóðflæði. Virknin er þó misjöfn hjá fólki en eins og áður segir þá vorum við lengi með vöruna í rannsókn og prófuðum hvernig hún virkaði á fólk og mismunandi kvilla sem það hafði. Við settum svo sæbjúgnahylkin á markað í fyrrasumar og viðtökurnar hafa verið góðar,“ segir Sandra og bætir við að þau hafi fengið fjölda símtala frá ánægðum neytendum. „Þeir voru að láta okkur vita hvernig sæbjúgnahylkin hafa virkað fyrir þá og erum við mjög ánægð að heyra frá þeim.“






Sandra finnur mun á sér eftir að hafa tekið inn sæbjúgnahylkin. Henni finnst ónæmiskerfi sitt vera sterkara en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Flestir sem hafa prófað þetta hjá okkur komast að sömu niðurstöðu, að þetta sé gott fyrir liðamótin, minnki liðverki, lækki kólesteról og auki blóðflæði.
>
> Sandra Yunhong She

**Íslensk framleiðsla** **Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
89%
af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.
*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup júl.-sep. 2016

OLANG
NÝ SENDING!
af vinsælu kuldaskónum
með mannbroddunum


FYRIR DÖMUR OG HERRA
Parísar TÍZKAN
BASLER
Skiptholti 29b • S: 551 0770

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


Ari Eldjárn og Björn Bragi Arnarsson hafa ferðast um landið að undanförnu með sýningu sína Á tæpasta vaði.

# Á TÆPU VAÐI

**Félagarnir og grínistarnir Björn Bragi Arnarsson og Ari Eldjárn hafa að undanförnu ferðast um landið með uppistand sitt Á tæpasta vaði og segja þeir viðtökurnar hafa verið frábærar. Í kvöld skemmta þeir í Skyrgerðinni í Hveragerði og annað kvöld í Vestmannaeyjum.**

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



„Það var fullt út úr dyrum á síðustu tveimur kvöldum og virkilega góð stemning. Það er alltaf gaman að koma út á land og skemmta á stöðum sem maður fær sjaldan tækifæri til að koma á og hitta nýtt fólk,“ segir Björn Bragi Arnarsson. Ari Eldjárn bætir við að þá hafi langað til að taka litla sýningaröð þar sem þeir fengju tækifæri til að flytja lengra uppistand en vanalega. „Þegar við komum fram með Mið-Íslandi eða skemmtum á hvers kyns viðburðum erum við yfirleitt með um 15 til 20 mínútna atriði. Í þessari sýningu tökum við hins vegar hvor sínar 45 mínúturnar af gríni, tökum í raun sinn hálfleikinn hvor af uppistandi.“

Eins og á öðrum sýningum hjá þeim félögum eru efnistökin fjölbreytt en þeir fá innblástur úr öllu sem er að gerast í kringum þá. „Við tölum mikið um hversdagslega hluti, það sem er að gerast í samfélaginu og allt þar á milli. Við reynum líka að taka aðeins fyrir staðinn sem við erum á hverju sinni enda hefur hvert bæjarfélag sín sérkenni sem er gaman að gera góðlátlegt grín að,“ segir Ari.

Björn Bragi segir mikla stemningu hafa verið hjá þeim Ara á ferðalögunum en með þeim í för er Atli Rúnar sem heldur utan um öll þeirra mál í þessari sýningu. „Ferðirnar eru hrikalega skemmtilegar, það er mikið djókað og þar fæðist oft gott grín sem á það síðan til að rata inn í sýningarnar.“

„Samstarf okkar Björns Braga er frábært. Við erum miklir vinir og vinnum mjög vel saman. Okkur gengur líka vel að semja efni saman, það er mjög gott að hafa góðan félaga í því,“ segir Ari.

Í kvöld verða þeir Ari og Björn Bragi með uppistand í Skyrgerðinni í Hveragerði og á Háaloftinu í Vestmannaeyjum annað kvöld. Á tæpasta vaði verður í gangi fram í lok nóvember og þá fer vinna á fullt við undirbúning nýrrar sýningar Mið-Íslands sem verður frumsýnd í Þjóðleikhúskjallaranum í janúar 2017. „Við stefnum á að hún verði okkar besta hingað til,“ segja þeir félagarnir.

**Ayurveda námskeið**

Dr. Shubhangee ayurvedískur læknir MD í jurtafræðum verður með námskeið dagana 26, 27, 28 október frá 18:30-21:30.

**Miðvikudagur 26. Okt.:**
Húðsjúkdómar – meðferð krónískra húðsjúkdóma með ayurveda.

**Fimmtudagur 27. Okt.:**
Læknandi eiginleikar ayurvedískra krydda.

**Föstudagur 28. Okt.:**
Ayurveda og stress. Að ná tökum á stressi með hjálp ayurveda.

**Einnig laust í einkaviðtöl**

**Jurtaapótekið Skipholti 33, skráning í síma: 552-1103**



JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

*Jólahlaðborð á Stracta Hóteli*

*19. og 26. nóvember og 3. og 10. desember*



**Jólahlaðborð,** *8.800 kr. á mann.*

*Gerum tilboð fyrir hópa. Ef hópar vilja koma aðra daga, hafið samband í síma 531 8010 eða 531 8007. Netfang: info@stractahotels.is*

**Jólahlaðborð og gisting í tveggja manna herbergi með morgunverði,** *17.400 kr. á mann.*

STRACTA HÓTEL

RANGÁRFLÖTUM 4, HELLU – S. 531 8010 – STRACTAHOTELS.IS

## LEIÐRÉTTING

Sérblaðið Hringbrautarverkefnið kom út mánudaginn 24. nóvember. Í grein þar sem fulltrúar framboða til alþingiskosninga voru inntir eftir sinni sýn varðandi uppbyggingu nýs þjóðarsjúkrahúss við Hringbraut láðist að birta svar Gunnars Skúla Ármannssonar, læknis og fulltrúa Dögunar. Það fer hér á eftir.


Gunnar Skúli Ármannsson

Byggingarsaga Landspítalans er mjög merkileg saga og verða vonandi gerð góð skil síðar meir. Stjórnmálasamtökin Dögun telja að það verði að byggja nýjan spítala fyrir alla landsmenn. Í raun ættum við núna að vera að byggja Landspítala númer tvö eða þrjú frá því Landspítalinn var opnaður 1930. Dögun vill því að spítalinn verði byggður sem fyrst. Erlendis er það ekki óalgengt að spítalar séu endurnýjaðir á rúmlega þrjátíu ára fresti.

Það hafa verið miklar umræður um staðarval og einnig það ferli sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að byggja ætti á Hringbrautinni. Dögun tekur enga aðra afstöðu í því máli en þá að við getum samþykkt þá kröfu að gerð yrði ný könnun að kröfu þeirra sem vilja að spítalinn verði ekki reistur við Hringbraut. Sú könnun verður þá að ganga hratt fyrir sig og vera trúverðug. Ef hún gjörbreytir fyrri niðurstöðum verða menn að endurskoða staðarvalið. Annar kostur við þessa könnun er að ef hún er samhljóma fyrri ákvörðunum þá mun skapast meiri sátt um þær ákvarðanir.

Dögun vill að lokum leggja mikla áherslu á að stjórnvöld hviki hvergi frá settu markmiði að byggja nýjan spítala fyrir alla landsmenn.

## Hjólbarðar



**VETRARDEKK STÆRÐ 235-55-R19**
NOKIAN harðkorna vetradekk. Verð kr. 100þús. kosta ný kr. 280þús. Mjög lítið slitin. Uppl. í s. 897-3464




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir







# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til byggingar



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Býð upp á heilnudd og slökun. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Það eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

KvikkFix

Erum að bæta við fólki í smur og dekkjavinnu. Viljum einnig ráða manneskju í móttöku í hálft starf. Stundvísi, kurteisi, góð framkoma og almenn tölvukunnátta nauðsynleg. Umsóknir sendist á hinrik@nrg.is

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST**
Hraustur, reyklaus og reglusamur. Föst verkefni og vinna á sendibílastöð. Sveigjanlegur vinnutími
skutlari@gmail.com

115 SECURITY

**ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA**
Skilyrði:
-Hreint sakavottorð
-Íslenskukunnátta
-20 ára lágmarksaldur
-Góð þjónustulund
Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is

Píratar bjóða frjálsar handfæraveiðar öfugt við XD. XB og viðreisn.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**
Erum með smiði, aðstoðarmenn við smiði, verkamenn, flísara, múrara, dekkjamenn og aðra iðnaðarmenn sem geta byrjað strax. Við finnum réttu mennina fyrir þig.
Verkleigan sími: 780-1000
e: vinna@verkleigan.is

## tilkynningar

# Aflamark Byggðastofnunar
### – boð um samstarf

Á grundvelli reglugerðar nr.643/2016 auglýsir Byggðastofnun eftir samstarfsaðilum um nýtingu viðbótaraflaheimilda á **Þingeyri, Flateyri og Suðureyri í Ísafjarðarbæ, á Raufarhöfn í Norðurþingi og Breiðdalsvík í Breiðdalshreppi.**

Auglýst eru 100 þorskígildistonn á hvern stað, til viðbótar þeim heimildum sem þegar hefur verið úthlutað, á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Raufarhöfn og Breiðdalsvík vegna fiskveiðiáranna 2016/2017 og 2017/2018. Auk þess eru auglýst 99 þorskígildistonn vegna Flateyrar vegna fiskveiðiársins 2016/2017.
Nánari lýsingu á verkefninu er að finna á vef Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is.

Umsóknir skal senda til Byggðastofnunar, á netfangið postur@byggdastofnun.is fyrir **kl. 12:00 fimmtudaginn 10. nóvember 2016.** Nánari upplýsingar veitir Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði.

BYGGÐASTOFNUN
Sími: 455 54 00 Fax: 455 54 99
postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is



## Vísitala kaupmáttar launa
2000-2016



# 137,2

Var vísitala kaupmáttar launa í lok september 2016.

## Skuldir heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum
1998 – 2016







# 155,5%

af ráðstöfunartekjum voru skuldir heimilanna á Íslandi á öðrum ársfjórðungi 2016. Það er næstlægsta hlutfall á Norðurlöndunum.

markaður verið nokkuð stefnulaus og má líta svo á að hækkanir hafi verið teknar út á árunum á undan. Þannig bendir allt til þess að árið 2016 verði fremur lélegt hvað varðar ávöxtun hlutafjár.

En hvað þarf að gera til að mæta stöðugum straumi gjaldeyris inn í landið með vaxandi fjölda ferðamanna? „Það er mjög mikilvægt við þessar kringumstæður að við séum með neikvæðan fjármagnsjöfnuð það er að segja flytjum út peninga. Við þyrftum að sjá lífeyrissjóði og aðra aðila fara með fjármuni í erlendar fjárfestingar,“ segir Ásgeir.

Ef útstreymi við slökun gjaldeyrishafta reynist hóflegt virðist fátt því til fyrirstöðu að afnema gjaldeyrishöft að fullu, en halda áfram að takmarka möguleika erlendra aðila til vaxtamunarviðskipta til að Seðlabankinn geti brugðist við þenslu með hækkun vaxta, án þess að það verði að sjálfstæðum innstreymisvanda eins og varð í síðustu uppsveiflu.

**Aðaldssöm ríkisstjórn**

Hitt sem skiptir verulegu máli er aðhaldssöm stjórn ríkisfjármála. Mat ASÍ er að núverandi fjármálaáætlun ríkisins 2017 til 2021 feli ekki í sér nægt aðhald, hvorki til að tryggja efnahagslegan né félagslegan stöðugleika. Krafan er sem sé að ríkið skili meiri afgangi, greiði hraðar niður skuldir sínar og jafnvel safni í sjóð líkt og Norðmenn gerðu til að olíuauðurinn setti ekki þeirra hagkerfi á hliðina.

Sú ríkisstjórn, hver sem hún verður, sem tekur við eftir kosningar hefur mörg tækifæri til að láta gott af sér leiða. Hún býr hins vegar við krefjandi stöðu hvað varðar hagstjórn. Hún verður að geta tekið erfiðar aðhaldsákvarðanir í hagsveiflu þar sem þrýstingur á meiri ríkisútgjöld verður líklega óbærilegur. Kjósendur ákveða hverjum þeir treysta í það verkefni á laugardaginn kemur.

Stöðugleiki sprettur ekki af sjálfu sér og til þess að hagstjórn næstu ára takist vel þurfa margir að koma að. Atvinnurekendur, verkalýðsfélög, ríki og sveitarfélög þurfa að standast mikinn þrýsting ef takast á að spila skynsamlega úr þeirri á margan hátt öfundsverðu stöðu sem íslenskt hagkerfi er í.



Í síðasta mánuði tilkynntu forsvarsmenn Uber að ákveðið hefði verið að selja kínverska starfsemi þess út af erfiðleikum við að ná fótfestu í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Bandarísk tæknifyrirtæki eiga í erfiðleikum með að ná fótfestu í Kína

Bandarískum tæknifyrirtækjum hefur gengið illa að fóta sig á kínverskum markaði. Forsvarsmenn streymiþjónustunnar Netflix lýstu því yfir á dögunum að fyrirtækinu hefði ekki tekist að sigra kínverska markaðinn. Netflix er það síðasta í röð fyrirtækja sem ekki hafa náð að stimpla sig inn í Kína vegna erfiðra reglugerða og mikillar samkeppni.

Ákveðið hefur verið að bjóða ekki þjónustu Netflix í Kína en í staðinn mun Netflix veita kínverskum streymiþjónustum aðgang að efni sínu. Þannig verði hægt að koma með það á kínverskan markað.

# 67%

segja regluverk og stefnu yfirvalda hafa mest áhrif á viðskiptaáætlanir í Kína.

MarketWatch greinir frá því að Kína sé stærsti erlendi viðskiptamarkaðurinn fyrir bandarísk fyrirtæki sem vilja í auknum mæli njóta góðs af viðskiptum á þessu risasvæði. Regluverk og lagarammi í Kína hefur verið gagnrýnt fyrir að vera ekki í takt við vaxandi efnahagskerfið, og hefur það umhverfi verið þrándur í götu erlendra fyrirtækja sem vilja sækja fram í Kína. Samkvæmt skýrslu kínversk-bandaríska viðskiptaráðsins sögðu 67 prósent aðspurðra að stefna yfirvalda og regluverkið hefði mest áhrif á fimm ára áætlanir þeirra. Einnig hefur reynst erfitt að fá tilskilin leyfi og að ráða starfsmenn.

Fyrirtæki, á borð við Uber og eiganda KFC og Pizza Hut hafa hætt við starfsemi sína í Kína út af erfiðleikum í viðskiptaumhverfinu. - sg



FRÁDRÁTTARBÆR
REKSTRAR-
KOSTNAÐUR

SNIÐIÐ AÐ FÓLKI MEÐ VIÐSKIPTA-, REKSTRAR- OG BÓKHALDSMENNTUN OG FYRIR LÖGFRÆÐINGA.

LAUN, LAUNATENGD GJÖLD OG STARFSTENGD HLUNNINDI.

MÖRK FRÁDRÁTTARBÆRS REKSTRAR-KOSTNAÐAR OG EINKAKOSTNAÐAR.

ANNAR KOSTNAÐUR.

RÉTTARSTAÐA GAGNVART SKATTAYFIRVÖLDUM.

RAUNHÆF VERKEFNI.

DAGANA 9. 16. 23. 30. NÓV
VERÐ KR. 53.200



www.ntv.is



FYRIRLESARI:
ANNA LINDA BJARNADÓTTIR,
HÉRAÐSDÓMS-LÖGMAÐUR, LL.M

ntv
Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn






Berta Daníelsdóttir segist finna fyrir mikilli þörf fyrir að losa um orkuna með hreyfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Slakar á með góðum norrænum krimma

**Berta Daníelsdóttir tekur við starfi framkvæmdastjóra Íslenska sjávarklasans þann 15. nóvember eftir átján ára starf hjá Marel. Hún flutti nýlega heim eftir tveggja ára dvöl í Singapúr og Bandaríkjunum. Berta hefur áhuga á hreyfingu, göngum um Hafnarfjarðarsvæðið og skandinavískum krimmum.**

## SVIPMYND

**BERTA DANÍELSDÓTTIR**

Berta Daníelsdóttir mun taka við starfi framkvæmdastjóra Íslenska sjávarklasans þann 15. nóvember næstkomandi af Þór Sigfússyni, stofnanda og eiganda. Þór mun starfa áfram að nýsköpunarverkefnum sem klasinn hefur sett á laggirnar ásamt því að vera áfram stjórnarformaður.

Íslenski sjávarklasinn er drifkraftur nýrra hugmynda og stuðlar að öflugu samstarfi fyrirtækja og frumkvöðla í haftengdri starfsemi. Klasinn starfrækir meðal annars Hús sjávarklasans ehf. sem er samfélag tæplega 70 fyrirtækja og frumkvöðla.

Berta hefur gegnt ýmsum ábyrgðarstörfum fyrir Marel síðastliðin 18 ár og nú síðast sem rekstrarstjóri Marel í Seattle í Bandaríkjunum.

„Ég er afskaplega spennt fyrir þessum breytingum. Ég hef frá stofnun Sjávarklasans fyrir fimm árum fylgst vel með þróuninni. Marel var einn af fyrstu samstarfsaðilum í húsinu og í gegnum þáverandi starf mitt fylgdist ég náið með fyrstu skrefunum,“ segir Berta.

„Þetta er réttur tími til að breyta til og mikil áskorun. Framtíðin er björt hjá Sjávarklasanum. Virðiskeðja sjávarútvegsins er svo miklu stærri en bara veiðar og vinnsla. Það er magnað hvað nýsköpunin hefur náð miklu flugi í geiranum á síðustu árum. Það er mikill fókus á nýsköpun og sjálfbærni, og bæði Marel og Íslenski sjávarklasinn hafa það að markmiði að styðja við sjálfbærni í matvælavinnslu,“ segir Berta.



Íslenski sjávarklasinn er fimm ára.

> **Ég bý yfir ótrúlegri orku og verð að hreyfa mig ef ég næ henni ekki úr kroppnum á daginn.**

Berta er með meistaragráðu í stjórnun alþjóðlegra fyrirtækja frá Háskólanum á Akureyri. Hún er ein af stofnendum félagsins Konur í sjávarútvegi. Hún flutti í ágúst heim eftir að hafa búið í átján mánuði í Seattle og þar áður sex mánuði í Singapúr á vegum Marel.

„Það er frábært að koma heim. Þó að það sé ótrúlega spennandi að vera erlendis, upplifa nýtt menningarlíf og aðstæður og kynnast lífinu á annan hátt, þá togar fjölskyldan alltaf,“ segir Berta. Hún á þrjú uppkomin börn, og þrjár ömmustelpur sem eiga hug hennar allan.

Þegar hún er ekki að sinna ömmustelpunum stundar Berta mikla hreyfingu. „Ég bý yfir ótrúlegri orku og verð að hreyfa mig ef ég næ henni ekki úr kroppnum á daginn, annaðhvort snemma um morguninn eða seinna á kvöldin, til að losa mig við hana,“ segir Berta.

Berta stundar líkamsrækt og göngur með hundinum. „Það er stundum spurning hver dregur hvern út,“ segir hún glettin. „Ég geng aðallega í kringum Hafnarfjörð þar sem ég get tekið hundinn með, meðal annars í Heiðmörk. Ég bý á Völlunum í Hafnarfirði og það er opin náttúra í bakgarðinum hjá mér. Náttúran er margbreytileg og maður er alltaf með eitthvert nýtt listaverk fyrir augunum,“ segir Berta.

Hún er einnig mikill lestrarhestur. „Ég les aðallega skandinavíska krimma, ég slaka mjög mikið á við að lesa þá og detta inn í góða Nesbøfléttu. Eftir langa daga og mikið áreiti þá er rosalega gott að opna góða bók,“ segir Berta. „Skandinavísku höfundarnir og þeir íslensku eru magnaðir því bækurnar eru svo raunverulegar.“ saeunn@frettabladid.is


BYGGÐ Á EINNI UMTÖLUÐUSTU
METSÖLUBÓK SEINNI ÁRA
- ENTERTAINMENT WEEKLY
- VARIETY
"VIVID PERFORMANCES
FROM THE CAST"
"EMILY BLUNT IS PERFECT"
"THE GIRL ON THE TRAIN IS
SEXY AND BRUTAL"
"SUPERB JOB"
"SOLID THRILLER"
"EMILY BLUNT GIVES RACHEL
MULTIPLE DIMENSIONS"
THE GIRL ON THE TRAIN
MYND SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF
KOMIN Í BÍÓ
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
SAMbio.is
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN
AKUREYRI SAMBÍÓIN
KRINGLAN SAMBÍÓIN
ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN

## Nýsköpun



Erla Skúladóttir hdl.
stjórnarformaður
Lauf Forks

# Lauflétt?

Þegar nýsköpunarfyrirtækið Lauf Forks var stofnað árið 2011 hófst hinn hefðbundni höfuðverkur: Hvað á barnið að heita? Fyrirtækið var stofnað utan um uppfinningu demparagaffals fyrir reiðhjól, þess léttasta í heimi, og frá upphafi lá fyrir að leikvöllur okkar myndi ná langt út fyrir landamæri Íslands.

Við þurftum því að velja okkur vörumerki sem gæti hentað um heim allan og notið verndar hugverkaréttar um leið. Þannig þurfti merkið að vera vel til þess fallið að greina vörur og þjónustu fyrirtækisins frá vörum og þjónustu annarra og gæta þurfti að því að það væri ekki of lýsandi fyrir þær vörur og þjónustu sem því var ætlað að auðkenna.

**Þegar framleiðandi Ford setti Pinto bílana á markað á sínum tíma kom tregða á Brasilíumarkaði fyrst um sinn á óvart – þangað til það kom upp úr dúrnum að pinto er brasilískt slangur yfir kynfæri (í smærra lagi) karla!**

Í Laufgöfflunum er notast við svokallaða blaðfjöðrun, á ensku „leaf suspension“, og út frá því kviknaði hugmyndin að nafni fyrirtækisins og vörumerki. Gafflarnir eru auk þess laufléttir og nafngiftin því mjög viðeigandi. Þegar við höfðum skilgreint helstu markaðs- og framleiðslusvæði þurfti að kanna hvort þar væru fyrir í notkun sömu eða svipuð merki fyrir sömu eða svipaða vöru eða þjónustu. Þegar sú leit skilaði engum niðurstöðum hófst önnur leit, ekki síður mikilvæg.

Vörumerki geta nefnilega auðveldlega týnst í þýðingum og það hefur vafist fyrir ýmsum. Þegar framleiðandi Ford setti Pinto bílana á markað á sínum tíma kom tregða á Brasilíumarkaði fyrst um sinn á óvart – þangað til það kom upp úr dúrnum að pinto er brasilískt slangur yfir kynfæri (í smærra lagi) karla! Annað dæmi sem gjarnan er vísað til er íranska þvottaefnið BARF, sem á þarlendri tungu ku merkja snjór, en færi eflaust öfugt ofan í flesta enskumælandi neytendur – af augljósum ástæðum. Orðabókarleit skilaði engum vafasömum þýðingum á merkinu Lauf.

Vörur okkar hafa verið seldar um allan heim í þrjú ár, vörumerkið öðlast sess og er nú skráð á helstu mörkuðum. Það er sjónrænt auðvelt að muna fjögurra stafa orðmerki en vissulega vefst íslenski framburðurinn fyrir mörgum. Lauf er oft borið fram láf, sem hefur þýskan hljóm. Okkur finnst það í sjálfu sér ekkert verra, enda merkir orðið hlaup eða keppni á þýsku og gafflarnir okkar eru ekki síst ætlaðir hjólreiðafólki sem vill skara fram úr.

## Mótmæla nýrri flugbraut Heathrow




Íbúar Harmondsworth, sögulegs bæjar í útjaðri London, mótmæltu harðlega í gær áætlunum um stækkun á Heathrow. Íbúarnir munu lenda verst í áætlunum af öllum nágrönnum félagsins, brjóta á niður hundruð heimila í bænum til þess að búa til rými fyrir nýja flugbraut fyrir Heathrow flugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sem betur fer standa stjórnmálamenn ekki við loforð sín



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Um næstu helgi ganga Íslendingar til þingkosninga sem lengi hefur verið beðið eftir. Ef skoðanakannanir reynast réttar megum við búast við miklum pólitískum breytingum. Hins vegar held ég að á margan hátt verði allt að „ganga sinn vanagang“ hvað þjóðhagfræðilegt ástand varðar, af þeirri einföldu ástæðu að það hefur temprandi áhrif á alla stjórnmálaflokka að komast til valda.

Í kosningabaráttunni núna hafa mörg loforð verið gefin um aukin opinber útgjöld – hvort sem það er í félagslegar bætur, menntun eða innviði – og það er nokkuð ljóst að ef nýkjörin ríkisstjórn stendur við öll þessi loforð þá kæmust ríkisfjármál á Íslandi í mikil vandræði. Raunar freistast ég til að segja að landið stæði frammi fyrir ríkisskuldakreppu.

**Fjármálamarkaðirnir segja okkur að slaka á**

Ef Ísland gæti staðið frammi fyrir ríkisskuldakreppu ef ný ríkisstjórn stæði við öll loforð sín, af hverju fara þá fjármálamarkaðirnir ekki af hjörunum? Ástæðan er auðvitað sú að fjárfestar búast ekki við því að ný ríkisstjórn standi raunverulega við öll loforð sín um ný ríkisútgjöld.

Reyndar eru alls engin merki um að fjármálamarkaðirnir hafi áhyggjur af kosningunum. Fyrir mér er það traustvekjandi en ég hefði ekki búist við neinu öðru því ég held að stjórnmálamenn hafi tilhneigingu til að hlaupast frá loforðum sínum þegar þeir komast til valda – guði sé lof fyrir það.

Það eru ýmsar ástæður fyrir þessu. Í fyrsta lagi þarf að gera tilslakanir til að koma stefnu sinni í gegn og það þýðir að maður getur einfaldlega ekki náð öllu fram sem maður vill, jafnvel þótt maður sé allur af vilja gerður.

**Ástæðan er auðvitað sú að fjárfestar búast ekki við því að ný ríkisstjórn standi raunverulega við öll loforð sín um ný ríkisútgjöld.**

Í öðru lagi verður hvaða ríkisstjórn sem er fyrr eða síðar að gera sér grein fyrir því að hún stendur frammi fyrir útgjaldatakmörkum og til langs tíma er einfaldlega ekki hægt að eyða meiru en aflað er. Auðvitað er hægt að gera það í vissan tíma en ef fjárlagahallinn verður of mikill vilja fjárfestar einfaldlega ekki lengur fjármagna hallann og vextir rjúka upp. Það er auðvitað hægt að segja Seðlabankanum að fjármagna hallann með peningaprentun en ég veit ekki um neinn íslenskan stjórnmálamann sem vill í alvöru breyta Íslandi í Venesúela.

Í þriðja lagi, ef ný ríkisstjórn byrjar að eyða peningum eins og enginn sé morgundagurinn mun Seðlabankinn örugglega hækka stýrivexti til að halda aftur af verðbólguþrýstingi sem svona aukin ríkisútgjöld valda. Sérhver ríkisstjórn yrði að taka þetta með í reikninginn.

Loks er það þannig í flestum vestrænum lýðræðisríkjum að þegar jafnvel pópúlískustu flokkar komast til valda virðast ráðherraembættin gera menn miklu raunsærri þegar kemur að ríkisfjármálunum. Mjög gott dæmi um þetta er öfgavinstriflokkurinn Syriza í Grikklandi sem varð að svíkja flest loforð sín eftir að hann komst til valda.

Af þessum ástæðum held ég ekki að ný ríkisstjórn á Íslandi verði eins óábyrg og sumir gætu óttast – það eru einfaldlega hindranir frá fjármálamörkuðunum, Seðlabankanum og almennum stofnunum á Íslandi, sem koma í veg fyrir að ný ríkisstjórn sleppi alveg fram af sér beislinu.

Að því sögðu væri það efnahagslega hættulegt fyrir nýja ríkisstjórn að reyna að gleyma þeirri staðreynd að maður getur ekki lengi eytt meiri peningum en maður aflar. Það á við um fjölskyldur, fyrirtæki og ríkisstjórnir. Það verður helsta verkefni nýs fjármálaráðherra að minna kjósendur og nýja þingmenn á þetta.

# Hvatningarútfararstjórinn hún Xina!

## Hin hliðin



**Rúna Magnúsdóttir**
Stofnandi The X-Factor Personal Branding Academy – „Brand“-ari í hjáverkum

Hún Xina Gooding, sem rekur útfararstofu í Bretlandi, leitaði til mín fyrir skömmu og tjáði mér að hún vissi ekki lengur hvernig hún ætti að finna sérstöðu sína á markaði. Hún væri jú, útfararstjóri og hvernig í ósköpunum gæti hún verið öðruvísi en aðrar útfararstofur?

„Ég meina, allir á þessum markaði segjast bjóða upp á góða og persónulega þjónustu,“ og bætti svo við: „Hvað sem það nú þýðir.“ Svo hélt hún áfram og sagði: „Það sem er að rugla mig er hitt áhugamálið mitt í lífinu!“ „Nú?“ hváði ég. „Jú, ég á mér annað áhugamál, sem er alltaf að taka stærri og stærri sess í lífi mínu.“

Svo hélt hún áfram: „Hitt áhugamálið mitt er að vera hvatningarfyrirlesari. Ég fæ beiðnir um að vera með fyrirlestra um allt England og fólk er yfir sig hrifið af því sem ég hef fram að færa. Ég finn að ég næ til fólks, fæ það til að hugsa um líf sitt á annan hátt og sjá tækifærin sem blasa við því. Fólk kemur til mín með tárin í augunum eftir hvern einasta fyrirlestur og vill fá að læra meira.“ „En spennandi,“ svaraði ég, „en segðu mér, hvert er vandamálið?“

„Jú,“ svaraði hún, „þegar ég er með fyrirlestrana mína, þá get ég ekki verið að tengja mig við útfararstofuna. Það gengur ekki upp!“

„Nú?“ svaraði ég og bætti við: „Ef það gengi upp, Xina, hvað myndir þú þá vera?“

Það varð dásamleg þögn í smástund og svo horfði ég á andlit Xinu umbreytast og hún sagði:

„Jemundur minn … ef ég leyfi mér að sameina það sem ég er; það sem gefur mér gleði, tilgang og ég næ árangri með, þá er ég auðvitað „Hvatningarútfararstjórinn“.“

Síðustu fréttir: Útfararþjónusta Xinu í Bretlandi sker sig úr öllum öðrum útfararþjónustum. Það er engin önnur útfararstofa í Bretlandi, sem kom leiðbeinir deyjandi fólki og ættingjum þess að lifa lífinu lifandi áður en það deyr!

Hver er sérstaða þín á markaði?


BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS CONSUMPTION. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW X5
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure
BMW X5
100 ÁRA
AFMÆLISTILBOÐ.
SETTU Í xDRIVE OG TRYGGÐU
ÞÉR NÝJAN BMW X5.
Í tilefni af 100 ára afmæli BMW bjóðum við nokkra BMW X5 25d xDrive og 30d xDrive á sérstöku afmælisverði.
Auk leðurinnréttingar og 8 þrepa Steptronic sjálfskiptingar eru allir bílarnir búnir bakkmyndavélum, rafdrifnum
sætum með minni, dráttarbeislum og Bi-Xenon aðalljósum svo eitthvað sé nefnt.
KYNNIÐ YKKUR AFMÆLISVERÐ Á NÝJUM
BMW X5 HJÁ SÖLUMÖNNUM BMW.
THE NEXT
100 YEARS
ENNEMM / SÍA / NM77692
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR.
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 19. október 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.701,96 +0,26%
(+4,5)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti



## Markaðsstjóri BIOEFFECT

Hildur Ársælsdóttir hefur verið ráðin markaðsstjóri BIOEFFECT sem er dótturfyrirtæki ORF Líftækni. Hildur hefur mikla reynslu af og þekkingu á markaðsmálum fyrir þekkt merki í snyrtigeiranum. Hún starfaði nú síðast hjá snyrtivörurisanum L'Oréal í skandinavískum höfuðstöðvum þeirra í Kaupmannahöfn. Hildur lauk námi í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst og námi í vöruþróun og markaðsmálum frá F.I.D.M. í Los Angeles. – sg



## Til Viðskiptaráðs

Védís Hervör Árnadóttir hefur hafið störf sem sérfræðingur í samskipta- og útgáfumálum hjá Viðskiptaráði Íslands. Védís mun jafnframt taka þátt í málefnastarfi ráðsins sem og annarri daglegri starfsemi. Védís hefur fjölbreytta reynslu af rekstri og stefnumótun í frumkvöðlageiranum. Védís er með BA-gráðu í mannfræði frá Háskóla Íslands og MBA frá Háskólanum í Reykjavík. – sg



## Einn helsti markþjálfi Þýskalands

Í sumar stóð viðskiptatímaritið Focus í samvinnu við samskiptamiðilinn Xing að viðamikilli könnun á því hverjir væru helstu markþjálfar Þýskalands (most recommended). Íslenskur stjórnendamarkþjálfi, Thor Ólafsson, framkvæmdastjóri Strategic Leadership GmbH í Þýskalandi, er á lista yfir TOP COACHES í flokkunum: Leadership Development, Team Development og Change Management. Thor er eigandi Strategic Leadership ehf. á Íslandi. – sg

## 31.812

**INNFLYTJENDUR**

Innflytjendur á Íslandi voru 31.812 talsins í upphafi þessa árs og fjölgaði úr 29.192 á árinu. Samkvæmt tölu Hagstofunnar hefur frá árinu 2012 innflytjendum fjölgað úr því að vera átta prósent af þeim mannfjölda sem býr á Íslandi og upp í 9,6 prósent. Hæsta hlutfall innflytjenda, 16 prósent, býr á Suðurnesjum.

## 51,6%

**NIÐURSVEIFLA**

Sendingar á snjallúrum drógust saman um 51,6 prósent milli ára samkvæmt nýjum tölum frá markaðsgreiningaraðilanum IDC. Apple Watch var vinsælasta snjallúrið á þriðja ársfjórðungi og voru milljón slík seld. Á sama tíma í fyrra voru hins vegar 3,9 milljón eintök seld. Af fimm stærstu snjallúrvörumerkjunum var einungis vöxtur milli ára hjá Garmin.

**24.10.2016**

**Donald Trump var ekki hrifinn, svona ef einhver þarf staðfestingu á því að þetta sé góð hugmynd.**

Ólafur Jóhann Ólafsson








## fasteignir

**MIKLABORG** leitar að ...

íbúð í Árbæ

Ég er að leita eftir 4ra herbergja íbúð í Árbæ, helst í Kvíslum fyrir viðskiptavin sem er búin að selja.



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**TRAUSTI** fasteignasala



**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali
og leigumiðlari
867-3040

## TORFUFELL 18




**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 26. OKTÓBER MILLI KL. 17:30-18:00**
Um er að ræða 159,1 fm. raðhús þar af 21 fm. frístandandi bílskúr við Torfufell í Reykjavík. Falleg 6 herbergja eign í góðu ásigkomulagi. **Verð: 43.9 millj.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík



## Nesvegur 63
107 Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 26.okt. kl.17:00-17:30**



**Helgi Jónsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is



**Gunnar Helgi Einarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

Mjög vel skipulögð 98,5 fm 4ra herb. íbúð í kjallara á þessum vinsæla stað
Eignin getur losnað fljótlega
Eldhús og allir skápar endurnýjaðir
3 rúmgóð herbergi
Sérinngangur
Verð: **42,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Kjöreign ehf

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

## VESTURBÆR

### BIRKIMELUR 6
**Opið hús fimmtudaginn 27. október frá kl. 17:00-17:30**




3ja herbergja endaíbúð á 4.hæð ásamt ca. 9 fm íbúðarherbergi í risi á þessum vinsæla stað. **Verð 39,9 m. Nánari uppl. veitir Ásta María Benónýsdóttir lögg.fast. s: 897-8061**

### KAPLASKJÓLSVEGUR 51
**Opið hús fimmtudaginn 27. október frá kl. 17:00-17:30**




3ja herbergja endaíbúð með aukaherbergi í kjallara í góðu húsi við Kaplaskjólsveg. Íbúðin er björt og mikið endurnýjuð. **Verð. 39,5 m. Nánari uppl. Ólafur Guðmundsson sölustjóri s: 896-4090**

**Dan V.S. Wiium**
hdl., og löggiltur fasteignasali

**Ólafur Guðmundsson**
Sölustjóri, sími: 896 4090




**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

## ÓÐINSGÖTU 4
**SÍMI 570 4500,**
**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is**
**www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Hjallaland 28. Endaraðhús

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**
Glæsilegt 275,3 fm. endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 25,4 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað í Fossvogi. Fimm herbergi og rúmgóðar stofur. Stórar suðursvalir og mikið útsýni af efri hæð hússins. Innfelld lýsing er á allri efri hæðinni. Búið er að endurnýja allar lagnir í húsinu og allt gler sem er þrefalt, eldhús, baðherbergi að mestu og mikið af gólfefnum. Þá er þak endurnýjað. Gróin lóð til suðurs. Frábær staðsetning, stutt í Fossvogsdalinn. **Verð 89,0 millj.**

## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Hafnarstrætisreitur
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. september 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 6. október 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna Hafnarstrætisreits 1.118.5. Í breytingunni felst að spennistöð á torgi er flutt yfir á horn Pósthússtrætis og Tryggvagötu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Kjalarnes, Mógilsá
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. október 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 13. október 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Mógilsár og Kollafjarðar, svæði Þ1 - þjónustumiðstöð við Mógilsá. Í breytingunni felst m.a. að stækka byggingarreit A á svæði Þ1 og færa skilti og gönguleið út fyrir byggingarreit. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 26. október 2016 til og með 7. desember 2016.** Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 7. desember 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 26. október 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
26. OKTÓBER 2016 MIÐVIKUDAGUR

## Merkisatburðir

**1235** Bela 4. varð konungur Ungverjalands.
**1406** Eiríkur af Pommern giftist Filippu af Englandi.
**1562** Franskir kaþólikkar náðu Rouen á sitt vald undir stjórn Antoine de Bourbon Navarrakonungs sem sjálfur særðist til ólífis.
**1714** Karl 12. Svíakonungur fór frá Tyrklandi, þar sem hann hafði dvalið frá því að Svíar töpuðu orrustunni við Poltava 1709, og reið þvert yfir Evrópu, um Vínarborg og Frankfurt am Main, til Stralsund í Pommern, sem þá var sænskt, 2.152 km á 14 dögum. Mestallan tímann fylgdi honum aðeins einn maður.
**1775** Georg 3. tilkynnti breska þinginu að nýlendurnar vestanhafs hefðu gert uppreisn og við því yrði að bregðast á viðeigandi hátt.
**1927** Gagnfræðaskólinn á Akureyri fékk heimild til að útskrifa stúdenta og var eftir það nefndur Menntaskólinn á Akureyri.
**1936** Útvarpsþátturinn Um daginn og veginn hóf göngu sína og hefur orðið öðrum þáttum lífseigari.
**1961** Allmikið hraungos hófst í Öskju og stóð fram í desember.
**1965** Reykjanesbraut, eða Keflavíkurvegurinn, fyrsti þjóðvegur á Íslandi utan þéttbýlis sem lagður var bundnu slitlagi, var formlega opnuð eftir fimm ára framkvæmdir. Sett var á veggjald, sem innheimt var í tollskýli við Straumsvík þrátt fyrir mikla óánægju bílstjóra.
**1973** Bardögum lauk að mestu í Jom Kippúr-stríðinu.
**1986** Hallgrímskirkja í Reykjavík var vígð eftir 41 árs byggingarsögu. Við vígsluna gengu 2.000 kirkjugestir til altaris og var það meiri fjöldi en áður hafði gerst í kirkjusögu Íslands.
**1995** Snjóflóð féll á Flateyri með þeim afleiðingum að tuttugu fórust.
**2009** Tilkynnt var að McDonald's á Íslandi yrði lokað.

# Hallgrímskirkja vígð við sögulega athöfn

**Á þessum degi fyrir þrjátíu árum var Hallgrímskirkja vígð og við það tækifæri gengu 2.000 kirkjugestir til altaris, sem var þá met. Kirkjan var að mestu leyti fjármögnuð af einstaklingum og einstaklega mikil sjálfboðavinna fór í að undirbúa vígsluathöfnina.**


**Hallgrímskirkja er ein glæsilegasta bygging borgarinnar og þótt víðar væri leitað.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bygging Hallgrímskirkju hófst árið 1941 og stóð yfir allt til ársins 1986 þegar hún var vígð og er þessi 41 árs byggingarsaga sú lengsta nokkurrar byggingar hérlendis. Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins var arkitekt Hallgrímskirkju en hann var fenginn til að teikna kirkju í Skólavörðuholtinu árið 1937.

„Það var mikill spenningur síðustu vikurnar hvort þetta hefðist í tæka tíð sem og það gerði með miklum glæsibrag. Þarna voru flestir prestar landsins viðstaddir og Vigdís forseti, Jón Helgason kirkjumálaráðherra líka og svo biskupar frá Norðurlöndunum. Messunni var sjónvarpað sem var mikil nýbreytni, ég held að kirkjuvígslu hafi ekki verið sjónvarpað áður.

Það var mikið lagt í söng – Mótettukórinn og sálmar eftir Hallgrím Pétursson, útsetningar eftir Þorkel Sigurbjörnsson – mjög glæsilegar. Þetta var einhver allra fjölmennasta messa sem hafði verið fram að þessu og fjölmennasta altarisganga Íslandssögunnar var fullyrt – sumir sögðu að þarna hefðu verið fimmtán hundruð manns," segir Karl Sigurbjörnsson, fyrrverandi biskup Íslands, sem á þessum tíma var sóknarprestur í Hallgrímssókn og viðstaddur vígsluna.

Árið 1948 var fyrsti áfangi kirkjunnar tilbúinn en það var kapellan undir núverandi kór kirkjunnar. Árið 1974 voru turninn og kirkjuvængirnir með nýrri kapellu fullgerðir og síðan að lokum árið 1986 var kirkjuskipið vígt og var það gert á 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar.

„Það átti að ljúka kirkjunni árið 1974 en þá voru 300 ár liðin frá andláti Hallgríms Péturssonar, en hann dó árið 1674 – en það tókst nú ekki og þá var stefnt á 200 ára afmæli Reykjavíkur," segir Karl.

Árið 1992 var orgelið vígt. Það var smíðað af þýskum orgelsmiðum og er 15 metra hátt, 25 tonn að þyngd og er stærsta kirkjuorgel á landinu. Fjármögnun orgelsins fór meðal annars þannig fram að einstaklingar og fyrirtæki gátu keypt pípur í orgelinu sem svo voru merktar kaupendum.

> **Það sem er sérstakt við bygginguna og það sem ég held að sé einsdæmi við byggingu opinberrar byggingar á Íslandi var að hún var meira og minna fjármögnuð af einstaklingum.**



„Það sem er sérstakt við bygginguna og það sem ég held að sé einsdæmi við byggingu opinberrar byggingar á Íslandi var að hún var meira og minna fjármögnuð af einstaklingum og sjálfboðavinna var gríðarmikil. Þegar verið var að undirbúa vígsluna kom fjöldi fólks að því að undirbúa hana – hreinsa útbyggingar eftir iðnaðarmennina og gera klárt fyrir vígsluathöfnina, bera inn stóla og bekki. Þetta voru allt sjálfboðaliðar sem unnu myrkranna á milli og miklu meira en það," segir Karl en hann tók að sjálfsögðu sjálfur þátt í að vinna við að koma öllu þarna í stand fyrir stóru stundina ásamt föður sínum og syni.

**stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Salvör Guðmundsdóttir**
(Lóló)
Hlíðarhúsum 3,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 19.10. sl. verður jarðsungin föstudaginn 28.10. nk. frá Fríkirkjunni í Reykjavík kl. 13.00 .

**Davíð Jónsson** · **Margrét Oddsdóttir**
**Jóna Ó. Jónsdóttir** · **Helgi Helgason**
**Guðmundur J. Jónsson** · **Katrín Kjartansdóttir**
**Sveinn Gaukur Jónsson** · **Gréta Boða**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Rannveig Friðriksdóttir**
síðast til heimilis að Öldrunarheimili Akureyrar,

er lést 16. október, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu föstudaginn 28. október kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Halla Margrét Tryggvadóttir** · **Elías Bj. Gíslason**
**Ingólfur Tryggvi Elíasson** · **María Benediktsdóttir**
**Friðrik Valur Elíasson**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Katla Magnúsdóttir**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Hafnafirði 22 október sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Freyja Matthíasdóttir** · **Þór Matthíasson**
**Edda Matthíasd. Swan** · **Edward M. Swan**
**Sif Matthíasdóttir** · **Jörundur Svavarsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær fósturmóðir mín,

**Brynja Magnúsdóttir**
frá Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðjón Þór Erlendsson**

---



✝

Maðurinn minn,

**Sigurður Stefánsson**
löggiltur endurskoðandi,
Þorragötu 5, Reykjavík,

er látinn.

**Anna Jónsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Reynir Ragnarsson**
löggiltur endurskoðandi,
Staðarseli 5,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 22. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Halldóra Gísladóttir**
**Guðrún R. Kilian** · **Robert Kilian**
**Gísli Reynisson** · **Sigríður Bryndís Stefánsdóttir**
**Arnar Gauti Reynisson** · **Sigríður Vala Halldórsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Halldórsson**
verkfræðingur,
Neðstaleiti 12, Reykjavík,

lést á heimili sínu 19. október. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 31. október kl. 11.00.

**Dómhildur Gottliebsdóttir**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Hólmfríður Guðmundsdóttir** · **Hannes Árnason**
**Dóra Guðmundsdóttir** · **Robert Andrews**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 34. STARFSÁR

# HALLGRÍMSKIRKJA 1986-2016

## HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í TILEFNI AF 30 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI HALLGRÍMSKIRKJU



**LAUGARDAGINN 29. OKTÓBER KL. 19 & SUNNUDAGINN 30. OKTÓBER KL. 17**



## M. A. CHARPENTIER: MARCHE DE TRIOMPHE ET SECOND AIR DE TROMPETTES H 547
## J.S. BACH: MISSA Í F-DÚR, "LÚTHERSK MESSA" BWV 233
## M. A. CHARPENTIER: TE DEUM H 146

**FLYTJENDUR:**

Mótettukór Hallgrímskirkju
Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzósopran
Oddur A. Jónsson bassi
Auður Guðjohnsen alt
Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir sópran
Guðmundur Vignir Karlsson tenór
Stjórnandi: Hörður Áskelsson

***** „Mikill er máttur tónlistarinnar. Tónlistarlífið í Hallgrímskirkju stendur sannarlega í blóma". „Algerlega dásamlegir tónleikar með hrífandi söng og glæsilegum hljóðfæraleik". (Salómon eftir Händel, Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin). J.S. Fbl.18.8. 2015

Hátíðlegur lúðraþytur og pákuslög ásamt glæsilegum söng og hljóðfæraslætti fylla hvelfingar Hallgrímskirkju þegar Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju (áður Den Haag) flytja glæsileg hátíðarverk í tilefni af 30 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju, en kirkjan var vígð 26. október 1986. Einsöngvararnir hafa allir tengst listastarfi Hallgrímskirkju um árabil og eru þrír þeirra m.a. meðlimir í Schola cantorum.

Upphafsstef forleiksins að Te Deum eftir franska barokkmeistarann M.A. Charpentier er hin heimsþekkta tónlist sem allir þekkja sem kynningarstef í útsendingum Eurovision. Lofsöngurinn (Te Deum) er hrífandi verk, dæmigert fyrir tónlist barokktímans, þar sem kór og einsöngvarar skiptast á að flytja textann við fjölbreyttan hljómsveitarundirleik, þar sem ólíkir litir blásturshljóðfæranna, trompeta, óbóa og hinna viðkvæmu blokkflauta undirstrika stemmningar lofsöngsins.

Messa í F-dúr er heillandi meistaraverk sem J.S. Bach byggði á völdum köflum úr öðrum verkum sínum og skiptast þar á glæsilegir kórar og gullfallegar aríur. Verkið er ein af fjórum svokölluðum lúterskum messum sem Bach setti saman í kringum 1740. Fullyrða má að þær séu meðal minnst þekktu meistarasmíða hins fullþroska Bachs og hefur F-dúr messan til að mynda aldrei áður hljómað á tónleikum á Íslandi.

Upphafsverkið á tónleikunum, Marche de triomphe (Sigurmars) eftir Charpentier, kemur öllum í hátíðarskap.

Það verður því sannkölluð hátíðarstemmning í Hallgrímskirkju um kosningahelgina!

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
Gunnar Eggertsson

MIÐAVERÐ: 5.900 kr., afsláttarverð 4.900 kr. fyrir eldri borgara, 50 % afsláttur fyrir öryrkja og námsmenn 26 ára og yngri og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Vestan hvassviðri með suðurströndinni, en hægari vestlæg átt annars staðar. Skúrir eða slydduél um landið vestanvert, en lengst af þurrt um landið austanvert. Hiti 3 til 8 stig, en kólnar nokkuð með kvöldinu.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 2° | 2° |
| ↗12 | ←7 | →11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 4° | -2° |
| →10 | ↗7 | ↗10 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 2° |
| ↗7 | →10 | →14 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 3° | -1° |
| →8 | →7 | ↗10 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hland
6. pfn.
8. yfirbreiðsla
9. net
11. ung
12. hlutdeild
14. bit
16. haf
17. slagbrandur
18. munda
20. belti
21. steypuefni

**LÓÐRÉTT**
1. þverra
3. gangflötur
4. skordýr
5. móðuþykkni
7. kræsingar
10. að
13. lærir
15. andi
16. dæling
19. frá.



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. piss, 6. ég, 8. lak, 9. nót, 11. ný, 12. aðild, 14. glefs, 16. sæ, 17. slá, 18. ota, 20. öl, 21. gifs.
**LÓÐRÉTT:** 1. réna, 3. il, 4. sandfló, 5. ský, 7. góðgæti, 10. til, 13. les, 15. sála, 16. sog, 19. af.

### Skák Gunnar Björnsson

Alexander Shabalov (2.528) bjargaði jafntefli á ævintýralegan hátt gegn Aleksandr Lenderman (2.618) á meistaramóti Bandaríkjanna.



**Svartur á leik**

**44. ... Hc3!! 45. Be6+ Kg7 46. Dxf4** (46. Ba2 Hxg3! 47. Dxg3 Dd4 og hvítur kemst ekkert áleiðis) **46. ... Hxa3+! 47. bxa3 Dxa3+ 48. Ba2 Dc3+ 49. Hb2 e1D+ 50. Bxe1 Dxe1+.** Hvítur kemst ekki undan þráskák.

**www.skak.is:** Æskan og ellin.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | | 3 |
| | | 6 | | | 9 | 2 | | |
| 1 | | 8 | | | | | | 9 |
| | 2 | 9 | | 1 | | 7 | 3 | |
| 3 | | | 7 | | 6 | | 9 | |
| 5 | 6 | | | 3 | | 1 | | 4 |
| | | 1 | | 5 | | | | 7 |
| | 8 | | 3 | 4 | | | | |
| 6 | | | 2 | | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | 4 | | | 5 |
| | | 1 | | | 8 | 4 | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | 7 | 3 | |
| | | 4 | 2 | | 6 | | | |
| 5 | 6 | 2 | | 8 | | | 4 | |
| 1 | | | | | | | | 9 |
| 4 | | | | | | 9 | | |
| | | | | | | 5 | 7 | 2 |
| | | 5 | 9 | 3 | | 1 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | | | |
| 2 | | | | 5 | 6 | | 1 | |
| 3 | | | 7 | | | | 8 | 4 |
| 7 | | 2 | | | 4 | | | 5 |
| 9 | | | 3 | 7 | | | | |
| | | | 9 | | | 4 | 6 | |
| | | 3 | | | 8 | 5 | | |
| 4 | | | 1 | | | 6 | | |
| | | 9 | | | 2 | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 1 | 8 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 1 | 4 | 8 | 5 | 9 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 7 | 9 | 1 | 2 | 3 |
| 1 | 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 2 |
| 9 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 7 | 5 | 9 | 4 | 2 | 1 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 6 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 2 | 9 |
| 4 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 9 | 1 | 6 | 5 | 3 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 7 | 8 | 2 | 6 | 4 | 1 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 1 | 7 | 9 | 2 | 6 | 5 | 4 | 8 | 3 |
| 2 | 5 | 8 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 1 | 8 | 6 | 9 | 2 | 5 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 1 | 2 | 5 | 7 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 9 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 2 | 5 | 1 | 9 |
| 7 | 2 | 5 | 9 | 8 | 1 | 4 | 3 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 5 |
| 5 | 3 | 8 | 4 | 1 | 6 | 9 | 7 | 2 |
| 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 |






## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# FERSKAR HUGMYNDIR FYRIR VEISLUR OG FUNDI

## GAMLI GÓÐI



Hangikjöt, eggjasalat.

Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.

Rækjusalat.

20 bitar
fyrir 5 manns

**3.980 kr.**

## EÐALBAKKI



Hangikjöt, lauksósa, salatmix.

Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.

Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

20 bitar
fyrir 5 manns

**3.980 kr.**

## LÚXUSBAKKI



Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.

Kjúklingur, egg, lauksósa.

Reyktur lax, íssalat.

20 bitar
fyrir 5 manns

**3.980 kr.**

## PÍTUBAKKI



Tikka masala kjúklingur og íssalat.

Reykt skinka.

Eggja- og íssalat.

24 bitar
fyrir 5 manns

**3.980 kr.**

## PARTÝBAKKI



BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.

Fetaostur, rauðlaukur, spínat.

Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

20 bitar
fyrir 5 manns

**4.430 kr.**

## VEISLUBAKKI



Reykt skinka, egg, íssalat.

Tikka masala kjúklingur, íssalat.

Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

30 bitar
fyrir 5 manns

**4.430 kr.**

## ÁVAXTABAKKI



Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

40 - 60 bitar
fyrir 5 - 8 manns

**3.050 kr.**

## DESERTBAKKI



Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.

Kókostoppar með súkkulaði.

50 bitar
fyrir 10 manns

**2.450 kr.**

## KÖKUBAKKI



Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.

Gulrótarkaka með rjómaostakremi.

Eplakaka með kanilkeim.

24 bitar
fyrir 10 manns

**3.550 kr.**

Viltu bjóða í margrétta óvissuferð á næsta fundi eða hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum.

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.**

SÓMI

Ferskt á hverjum degi






**198** kr. stk.

**ES Ostapizza**
Frosin, 300 g

## ÍTALSKIR TÖFRAR




**398** kr. 100 g

**Ítölsk Þurrskinka**
100 g




**498** kr. 200 g

**Grana Padano**
Ítalskur ostur, 200 g




**198** kr. 400 g

**Wewalka Pizzadeig**
Ferskt, 400 g




**139** kr. 24 stk.

**Bökunarpappír**
24 arkir




**759** kr. 4x2 l

**Pepsi og Pepsi Max**
Kippa, 4x2 lítrar




**298** kr. 400 g

**KW Pipardropar**
400 g




**298** kr. 400 g

**Bónus Piparkökur**
400 g




**129** kr. 330 ml

**Ceres Jóla Hvítöl**
Danskt, 330 ml

**Ný sending**
**LÆGRA VERÐ**




**298** kr. pk.

**Nicky Eldhúsrúllur**
3 rúllur í pakka - Verð áður 359 kr.




**898** kr. pk.

**Nicky Salernispappír**
16 rúllur í pakka - Verð áður 998 kr.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**1.898** kr. kg

**Bónus Kjúklingabringur**
Ferskar




**298** kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingavængir**
Ferskir



# GOTT VERÐ Í BÓNUS




**1.698** kr. kg

**100% íslenskt ungnautakjöt**

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Ferskt




**69** kr. 400 g

**Tómatar**
400 g, 2 tegundir




**198** kr. pk.

**Poco Loco Tortillakökur**
4 stk. stórar eða 8 stk. litlar

## SAMA VERÐ UM LAND ALLT



**259** kr. kg

**Grasker**

## ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

## SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI




**1.398** kr. kg

**Íslandslamb Lambalæri**
Ferskt, kryddað, sérskorið

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Tröll
GRIMMD
ANASTASIA 2. nóvember í Háskólabíói
GEFÐU UPPLIFUN GJAFABRÉF Í BÍÓ
Jólatónleikar ANDRÉ RIEU 19. nóv. og 3. des í Háskólabíói
INFERNO
PEREGRINE
EIÐURINN
MAGNIFICENT SEVEN
Sýningartímar á miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is
JACK REACHER
Tröll
BRIDGET JONES'S BABY
GRIMMD

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| JACK REACHER 2 | 8, 10.15 |
| TRÖLL 2D ÍSL TAL | 6 |
| GRIMMD | 5.30, 10.30 |
| INFERNO | 10.30 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5.30, 8 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Tom Cruise er mættur aftur sem Jack Reacher
EMPIRE
N.Y. DAILY NEWS
TOM CRUISE JACK REACHER NEVER GO BACK
Byggð á samnefndri metsölubók
ENTERTAINMENT WEEKLY
VARIETY
Emily Blunt
Justin Theroux
THE GIRL ON THE TRAIN
Mynd sem þú mátt ekki missa af
STORKS Sýnd með íslensku tali
HOLLYWOOD REPORTER
THE WRAP
THE GUARDIAN
EMPIRE
HOLLYWOOD REPORTER
DEEPWATER HORIZON
Ein magnaðasta stórmynd ársins
BRIDGET JONES'S BABY
EMPIRE
ENTERTAINMENT WEEKLY
TOM HANKS
Nýjasta stórmynd Clint Eastwood
SULLY

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| JACK REACHER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 10:20 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI** | |
| DON GIOVANNI ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 |
| JACK REACHER | KL. 8 - 10 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 10:40 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| JACK REACHER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CAN'T WALK AWAY | KL. 6 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 8 - 10:10 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:30 |
| INFERNO | KL. 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| JACK REACHER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |

# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 26. OKTÓBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Florian Rago-24 Paganini Caprices
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Hinn margverðlaunaði fiðluleikari Florian Rago mun leiða þig á ferðalagi frá hæstu hæðum fegurðar til djöfullegs dýpis. Missið ekki af þessum sjaldgæfa flutningi. Fáir leggja í að flytja 24 caprices Niccolòs Paganini í heild sinni á tónleikum. Yfirnáttúruleg hæfni Paganini varð til þess að orðrómur fór á kreik um að hann hefði selt sál sína djöflinum. Verkin krefjast gífurlegrar tæknilegrar færni og vefa töfrandi heim fullan af syngjandi laglínum og eldheitri ástríðu. Hér eru á ferðinni tónleikar til að hvetja og snerta hjörtu allra og sál.



**Florian Rago-24 Paganini Caprices spilar í Hörpu í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur: Tríóið Matóma
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Tríóið Matóma mun leika klassísk lög eftir höfunda úr ýmsum stílum djassins. Ómar og Magnús hafa starfað saman m.a. í hljómsveitinni ADHD og Tómas og Ómar gáfu út diskinn Bræðralag á síðasta ári. Sveifla, latíntónlist, fönk.

**Hvað?** Ljósár, Milkhouse á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Í kvöld mun hljómsveitin Milkhouse spila á Húrra. Húsið verður opnað klukkan átta en tónleikarnir byrja klukkan níu. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Við opinn glugga
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi

**Hvað?** Sensory Hoverload í Lucky Records!
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Lucky Records, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík
Bandaríska sýrufönksveitin Sensory Hoverload kemur í heimsókn í búðina og spilar í tæpan klukkutíma fyrir gesti og gangandi. Sveitin var stofnuð árið 2012 og er þekkt fyrir frábæra sviðsframkomu. Frítt inn og allir velkomnir!

**Hvað?** Una Stef, Stefanía Svavars og Árný Árnadóttir.
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Í kvöld munu tónlistarkonurnar Una Stef, Stefanía Svavars og Árný Árnadóttir koma fram á Café Rosenberg og flytja eigið efni. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

### Uppákomur

**Hvað?** Hveragerði – Á tæpasta vaði
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hótel Örk
Ari Eldjárn og Björn Bragi snúa nú bökum saman og fara rúnt um landið á haustmánuðum en þeir hafa um árabil verið tveir af allra fyndnustu og eftirsóttustu uppistöndurum Íslands. Ari og Björn eru báðir meðlimir í uppistandshópnum Mið-Íslandi. Á tæpasta vaði er tveggja klukkustunda uppistandssýning þar sem þeir félagarnir skiptast á að flytja lengra uppistand en venjulega. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Bókakaffi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhús, Gerðubergi – Borgarbókasafn
Glæpasagnahöfundarnir Jónína Leósdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Sólveig Pálsdóttir og Yrsa Sigurðardóttir koma saman á Bókakaffi í Gerðubergi til að spyrja hver aðra spjörunum úr. Þær munu lesa úr verkum sínum og spjalla um glæpakvendi og glæpasögur. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

### Fundir

**Hvað?** Magnús Þór Þorbergsson: Úr baðstofu í borðstofu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Neskirkja
Magnús Þór Þorbergsson leiklistarfræðingur verður gestur á fundi Félags íslenskra fræða í kvöld, þar sem hann heldur fyrirlesturinn Úr baðstofu í borðstofu: Leikhús, sjálfsmynd þjóðar og mótun íslenskrar nútímamenningar. Fundurinn er haldinn í sal safnaðarheimilis Neskirkju við Hagatorg. Magnús Þór Þorbergsson lauk MA-gráðu í leiklistarfræðum frá Freie Universität í Berlín 1999. Hann hefur m.a. starfað sem dramatúrg við Borgarleikhúsið og sem leiklistargagnrýnandi Víðsjár og var til ársins 2015 lektor við Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands. Magnús er um þessar mundir að leggja lokahönd á doktorsritgerð um íslenskt leikhús og sjálfsmynd þjóðar 1850-1930 við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.

**Hvað?** Áhrif kosninga á markaðinn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sólon, Bankastræti 7a
Þar sem kosningar eru á næsta leiti höfum við ákveðið að setja upp fund um áhrif kosninga á markaði. Útlit er fyrir að landslag stjórnmálanna muni breytast töluvert eftir kosningarnar á laugardaginn. Ef fer sem horfir munu þessar breytingar á stjórn landsins hafa víðtæk áhrif. Óttar Guðjónsson, hagfræðingur og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga, mun fara yfir hvaða áhrif kosningarnar geta haft á fjármálamarkaðinn. Þar sem útlit er fyrir vinstristjórn að loknum kosningum og í kjölfarið miklar skattahækkanir og aukin útgjöld ríkissjóðs er líklegt að fjármálamarkaðurinn verði fyrir miklum áhrifum.

**Hvað?** Kosningamaskínan: Hvað er bak við tjöldin?
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Langar þig til að vita hvernig kosningamaskínan virkar og hvað er bak við tjöldin í kosningum. Ef svo er þá mun fjármála- og atvinnulífsnefnd SHÍ í tilefni af komandi kosningum standa fyrir viðburði í kvöld sem gæti svarað þessari spurningu.

KING KOIL
DAGAR REKKJUNNAR
20–40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM AMERÍSKUM HEILSURÚMUM FRÁ KING KOIL.
KOMIÐ OG KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ.
rekkjan
HEILSURÚM
ARGH!!! 251016

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
CAPTAIN FANTASTIC
Innsæi / The Sea Within ........ 18:00
Fire at Sea ........ 17:30
Captain Fantastic ........ 20:00, 22:30
Miss Peregrine's Home for Peculiar Children ........ 20:00
Ransacked ........ 20:00
Eiðurinn ENG SUB ........ 22:30
Neon Demon ........ 22:30
InnSæi The Power of Intuition


Á SUNNUDAGINN Í HÖRPU
2xBRIT AWARDS
GRAMMY AWARDS
JOSS STONE
ÁSAMT HLJÓMSVEIT
Kristall
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528-5050.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/JOSS
sena LIVE!

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Teen Titans Go!
07.50 The Middle
08.15 Mindy Project
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Logi
11.10 Atvinnumennirnir okkar
11.50 Dallas
12.35 Nágrannar
13.00 Neyðarlínan
13.30 Who Gets the Last Laugh
13.55 The Comeback
14.35 Mr. Selfridge
15.25 Baby Daddy
15.45 Simpson-fjölskyldan
16.10 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 Víkingalottó
19.25 Mom
19.45 The New Girl
20.10 Sendiráð Íslands
20.35 Grey's Anatomy
21.20 **Divorce** Gamansamur þáttur frá HBO þar sem Sarah Jessica Parker er í hlutverki Frances sem fer að finna fyrir leiða í hjónabandinu og ákveður að söðla um og byrja nýtt líf án eiginmannsins. Skilnaðurinn gengur hins vegar ekki snurðulaust fyrir sig og oftar en ekki enda samverustundir þeirra með skrautlegum uppákomum. Með önnur aðalhlutverk fara Thomas Haden Church og Molly Shannon.
21.50 Bones
22.35 Nashville
23.20 **NCIS** Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.
00.05 The Blacklist
00.50 StartUp
01.45 Song One
03.10 Forget and Forgive
04.40 Mad Dogs
05.30 Stalker
06.15 The Middle

## SPORT

08.10 League Cup
09.50 Domino's-deild karla
11.15 Körfuboltakvöld
13.00 Premier League
14.40 Premier League
16.20 Premier League Review
17.15 League Cup
18.55 League Cup
21.00 Any Given Wednesday
21.30 Messan
23.00 League Cup

## SPORT 2

07.20 Premier League
09.05 Premier League
10.50 Þýsku mörkin
11.20 Premier League
13.00 Premier League
14.45 Spænski boltinn
16.30 Spænski boltinn
18.10 Spænsku mörkin
18.40 League Cup
20.45 UEFA Champions League
22.25 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
22.50 Domino's-deild kvenna
00.30 Formúla E - Magazine Show

## STÖÐ 3

17.50 The League
18.15 Mike and Molly
18.40 New Girl
19.05 Modern Family
19.30 Fóstbræður
20.00 Dagvaktin
20.30 Lögreglan
21.45 Flash
22.30 Klovn
23.00 True Detective
00.00 Fóstbræður
00.30 Dagvaktin
01.00 Lögreglan
02.15 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli L
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Lína Langsokkur
08.25 Gulla og grænjaxlarnir
08.37 Stóri og litli
08.49 Hvellur keppnisbíll
09.00 Zigby
09.10 Ævintýraferðin
09.25 Skógardýrið Húgó
09.47 Mæja býfluga
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Lína Langsokkur
12.25 Gulla og grænjaxlarnir
12.37 Stóri og litli
12.49 Hvellur keppnisbíll
13.00 Zigby
13.10 Ævintýraferðin
13.25 Skógardýrið Húgó
13.47 Mæja býfluga
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00Lína Langsokkur
16.25 Gulla og grænjaxlarnir
16.37 Stóri og litli
16.49 Hvellur keppnisbíll
17.00 Zigby
17.10 Ævintýraferðin
17.25 Skógardýrið Húgó
17.47 Mæja býfluga
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Pétur og kötturinn Brandur



10.00, 14.00 og 18.00 Dóra könnuður

## GOLFSTÖÐIN

08.45 Golfing World 2016
09.35 CIMB Classic
13.35 PGA Tour 2016 - Highlights
14.30 PGA Special: Coming Home
15.15 Reignwood LPGA Classic
18.25 Golfing World 2016
19.15 PGA. Arnold Palmer Special
19.40 Golfing World 2016
20.30 CIMB Classic
00.30 PGA Tour 2016 - Highlights
01.25 Golfing World 2016
02.15 PGA Special: In the Spotlight
03.00 HSBC Champions

## BÍÓSTÖÐIN

11.30 Hungry Hearts
13.25 Admission
15.15 Trust Me
16.45 Hungry Hearts
18.40 Admission
20.30 Trust Me
22.00 **Ex Machina** Vísindadrama frá árinu 2015 með sænsku Óskarsverðlaunaleikkonunni Alicia Vikander. Myndin fjallar um 26 ára gamlan forritara að nafni Caleb, sem vinnur hjá stærsta netfyrirtæki í heimi. Caleb vinnur keppni um að eyða heilli viku á einkafjalli sem er í eigu Nathans, forstjóra fyrirtækisins, sem kýs að vera sem mest út af fyrir sig. En þegar Caleb kemur á þennan afvikna stað, þá kemst hann að því að hann þarf að taka þátt í skrítinni en heillandi tilraun.
23.50 Jayne Mansfield's Car
01.50 As Above, So Below
03.25 Ex Machina

## RÚV

16.10 Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
16.15 Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
16.20 Alþingiskosningar 2016
17.20 Framandi og freistandi II
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Finnbogi og Felix
18.18 Sígildar teiknimyndir
18.25 Gló magnaða
18.50 Krakkafréttir
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Kiljan
21.00 Á sama báti
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Sendiherrann
00.00 Kastljós
00.35 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 The Millers
08.20 Dr. Phil
09.00 The Biggest Loser
09.45 The Biggest Loser
10.30 Pepsi MAX tónlist
13.20 Dr. Phil
14.00 Younger
14.20 Crazy Ex-Girlfriend
15.05 The Grinder
15.25 Speechless
15.50 Girlfriends' Guide to Divorce
16.35 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
17.15 The Late Late Show with James Corden
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Odd Mom Out
20.15 Survivor
21.00 Chicago Med
21.45 Queen of the South
22.30 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Jericho
00.35 Sex & the City
01.00 This Is Us
01.45 MacGyver
02.30 Chicago Med
03.15 Queen of the South
04.00 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
04.40 The Late Late Show with James Corden
05.20 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin





SENDIRÁÐ ÍSLANDS
Í þessum þætti skoðum við sendiráðið okkar í París sem er það umfangsmesta sem og sendiskrifstofuna okkar í Færeyjum sem er sú minnsta en í því landi er aðeins einn diplómat og einn diplómatabíll sem er einstakt.

MAGNAÐ MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

GREY'S ANATOMY
Hörkuvinsælir dramaþættir sem gerast á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.


DIVORCE
Skemmtilegur gamanþáttur þar sem Frances er búin að klúðra hjónabandinu og sér eftir öllu saman en leiðin til baka er ekki greið.


BONES
Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.


NASHVILLE
Skemmtileg sería um kántrísöngkonurnar Raynu James og Juliettu Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu í bransanum.


EX MACHINA
Caleb vinnur keppni um að eyða heilli viku á einkafjalli og þegar hann mætir á staðinn kemst hann að því að hann þarf að vera með einu gervigreindarverunni sem til er í heimi.


FLASH
Hörkuspennandi þættir um ævintýri vísindamannsins Barry Allen sem er í raun ofurhetja og getur ferðast um heiminn á ótrúlegum hraða.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# DEWALT

## Nú á betra verði í Skútuvogi og um land allt

# 20% afsláttur

af Dewalt rafmagns-verkfærum alla vikuna



Nokkur verðdæmi:

**38.396kr**
~~47.995kr~~
DEWALT
BRUSHLESS
**HLEÐSLUBORVÉL 18V**
DCD796D2
Kolalaus mótor - 18V - 2.0Ah. rafhlaða - Hersla 70Nm - högg - flott hönnun.
5159081

**55.800kr**
~~69.750kr~~
DEWALT
**Bútsög**
DWS774
1400W - 216 mm blað.
Sögun 90° 60x250mm
5159125

**31.196kr**
~~38.995kr~~
DEWALT
**Borhamar SDS**
D25133K
800W - 26mm borun. 2.6 J
Léttfleygun.
5159018

Byggjum á betra verði

www.husa.is

# Bestu bílarnir í bíó

Í síðustu viku var tilkynnt að framleidd yrðu 300 ný eintök af DeLorean DMC-12, tímavélinni úr Back to the Future-myndunum, og seld áhugasömum. Lífið velti fyrir sér nokkrum fleiri frægum bíóbílum sem áhugavert væri að koma aftur út á göturnar.



## HERBIE

Margir myndu eflaust fjárfesta í nákvæmri endurgerð á Herbie, frægustu Volkswagen-bjöllu árgerð 1963 í heimi, sem kom fyrst fram á sjónarsviðið í myndinni The Love Bug árið 1968 og svo í nokkrum framhaldsmyndum.



## DEUCE COUPE

Leikstjórinn George Lucas er mikill áhugamaður um gamla ameríska bíla og gerði einn slíkan, 1932 árgerðina af Ford Coupe, ódauðlegan í hinni vinsælu mynd American Graffiti frá 1973.



## ASTON MARTIN NJÓSNARA HENNAR HÁTIGNAR

Í mörgum af James Bond-myndunum ekur 007 um á þessum forkunnarfagra Aston Martin DB5 árgerð 1963. Sean Connery keyrði hann í Goldfinger og Thunderball, Pierce Brosnan í Goldeneye og Tomorrow Never Dies og Daniel Craig í Casino Royale og Skyfall.




## SHAGGIN' WAGON

Vinirnir vitgrönnu Harold og Lloyd úr grínmyndinni Dumb and Dumber frá 1994 eyddu stórfé í að breyta bílnum sínum, Ford Econoline árgerð 1984, í hund.



## SHAGUAR

Njósnarinn Austin Powers tók sig vel út í 2001 árgerðinni af Jaguar XK8. Nafnið á blæjubílnum var líka viðeigandi.



## THE BLUESMOBILE

Blúsbræðurnir úr samnefndri kvikmynd frá 1980 fengu einn þekktasta lögreglubíl veraldar, Dodge Monaco árgerð 1974, ódýrt á uppboði og keyrðu hann út í alls kyns ævintýri.



## TÍMAVÉLIN

Sjaldan hefur einn bíll gegnt jafn stóru hlutverki í jafn vinsælum myndum og Back to the Future-þríleiknum. Framleiðendur myndanna völdu De Lorean DMC-12, bíl sem var aðeins framleiddur í þrjú ár, frá 1981 til 1983, í hlutverk tryllitækisins sem þeytti Marty McFly og Dr. Emmet Brown fram og aftur í tíma og rúmi og varð um leið að goðsagnakenndu fyrirbæri í nútímamenningu.

**Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma**

# Hnotubrjóturinn

HARPA

## *St. Petersburg Festival Ballet ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg snýr aftur og flytur eina fegurstu perlu dansbókmenntanna í viðhafnarbúningi ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg. Í ár mun dansflokkurinn einnig sýna í Hofi á Akureyri ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands þann 22. nóvember.



*Eldborg*

**24. nóvember** kl. 19:30

**25. nóvember** kl. 19:30

**26. nóvember** kl. 13:00 & 17:00

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði

Miðasala í síma 528 5050, á harpa.is og tix.is

**www.harpa.is/hbr**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

Brandenburg | sía









Erna Kristín Stefánsdóttir, hönnuður og guðfræðinemi, vekur athygli á Snapchat og Instagram. Hægt er að fylgjast með Ernu Kristínu á snapchat: Ernuland. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR.

# Nauðsynlegt að vera persónulegur

**Erna Kristín Stefánsdóttir** er umsvifamikil á Snapchat og Instagram þar sem hún auglýsir bæði sína hönnun og annarra. Hún lýkur guðfræðinámi um jólin og segist ætla að verða nútímalegur prestur.

Þetta er skemmtilegur heimur og mjög áhugavert að fylgjast með því hvernig þetta þróast hjá mér og allt í kringum mig," segir Erna Kristín Stefánsdóttir, 25 ára hönnuður og guðfræðinemi. Erna Kristín hefur tekið samfélagsmiðlana Snapchat og Instragram tryggilega í sína þjónustu og auglýsir á þeim eigin hönnun, föt og myndir, og einnig innlenda og erlenda hönnun annarra, til að mynda barnavörur sem hún fær sendar frá fyrirtækjum.

„Instagram-reikningurinn minn er stærri eins og er, enda opnaði ég hann fyrr, en Snapchat-reikningurinn minn stækkar mun hraðar en ég bjóst við, sérstaklega þegar haft er í huga hversu seint ég opnaði hann. Snapchat er augljóslega langvinsælasti samfélagsmiðillinn í dag," segir Erna Kristín og bætir við að hún leggi sáralitla áherslu á Facebook þegar kemur að því að auglýsa hönnun eftir sjálfa sig og aðra, enda séu vinsælar „læksíður" á Facebook nánast faldar þegar fylgjendur þeirra ná ákveðnum fjölda, nema eigendur þeirra borgi sérstaklega fyrir þær. „Það er algjör klikkun og ég er ekki að fara að borga Facebook. Það kemur ekki til mála," segir hún ákveðin.

Erna Kristín notar þó ekki vinsæla reikninga sína á Instagram og Snapchat einungis til að auglýsa vörur, heldur deilir hún líka ýmsu úr sínu daglega lífi. Spurð hvort nauðsynlegt sé að vera persónulegur á samfélagsmiðlum í bland við auglýsingarnar, til að halda fylgjendum við efnið, segist Erna Kristín halda að svo sé. „Um leið og ég fór að deila persónulegum hlutum úr lífi mínu fjölgaði fylgjendum mínum til muna, þótt þeir hafi verið margir fyrir. En ég nenni alls ekki að fara eftir neinum óskrifuðum reglum í sambandi við samfélagsmiðlana og geri þetta bara eins og mér finnst skemmtilegt. Svo er fólki velkomið að fylgjast með ef það hefur áhuga. Ég hef heyrt að fylgjendur sumra annarra reikninga setji ákveðnar kröfur á eigendur þeirra, að gera meira af þessu og minna af hinu og þar fram eftir götunum, en ég er sjálf mjög heppin með fylgjendur og hef ekki lent í neinu slíku."






Hér má sjá hluta af vörunum frá Ernulandi. Vörurnar hennar hafa verið í sölu meðal annars í Bretlandi, Hollandi og Bandaríkjunum. Meðal verkefna sem fram undan eru hjá Ernulandi er hluti af nýrri sumarlínu fyrir barnafatamerkið Igloo+indi 2017 og nýir bandanaklútar fyrir tískuvöruverslunina Black and Basic sem koma í verslun á næstu dögum.




Þegar Erna Kristín auglýsir vörur á reikningum sínum notar hún stundum tveggja ára gamlan son sin, Leon Bassa, sem fyrirsætu. Aðspurð segir hún son sinn lítið kippa sér upp við það að vera auglýsingamódel. „Um leið og þetta verður kvöð fyrir hann þá hætti ég að nota hann því ég er mjög meðvituð um að passa upp á hann," segir Erna Kristín og viðurkennir að hún hafi í meira en nægu að snúast þessa dagana og ekki minnkar álagið við það að stunda guðfræðinám við Háskóla Íslands sem hún lýkur nú um jólin.

Eftir áramót tekur svo prestsnám við hjá Ernu Kristínu. Spurð hvernig hún haldi að framtíðarsöfnuðir taki í það að presturinn þeirra sé umsvifamikill á samfélagsmiðlum segist hún ætla að verða nútímalegur prestur sem horfir fram á við. „Ég veit ekki hvort þessi dæmigerða messa myndi henta mér. Ég hef áhuga á því að predika fyrir samfélagið út frá hlutum sem fólk tengir við og vill heyra. Það er margt gott fólk að koma inn í kirkjustarfið á Íslandi með nútímaleg viðhorf og miðað við það hvernig talað er um kirkjuna í dag held ég að það sé gott fyrir framtíð kirkjunnar."

**kjartang@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Lager-
# SPRENGJA

**Verslunin flytur**

**Aðeins í 4 daga 26. - 29. okt.**

# 50%-80%
# afsláttur



Street hokki kylfa og pökkur 80% afsl.
Nú á 1.000 kr.




Merino ull á börn 92cm til 122cm
50% afsl. Nú á 2.997 kr.



Útilegubúnaður, pottar o.fl.
50% - 80% afsl.



Bakpokar 50% afsl.



Fatnaður 50% - 80% afsl.




Salomon Speedcross, X-Cream 3D
á 50% afsl.



Notaðir skíðaskór frá 3.995 - 14.995



Skíði með bindingum og skíðaskór
50% afsláttur




Notuð snjóbretti á 14.995 kr. og
notaðir brettaskór frá 7.995. kr.

Íslensku
**ALPARNIR**
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

*Mikið úrval af notuðum skíðabúnaði*
*Svigskíði með bindingum*
*frá 12.995 kr.*

Flytjum í Ármúla 40 // 108 Reykjavík // Sími 534 2727 // www.alparnir.is // e-mail: alparnir@alparnir.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**




Kristínar
Ólafsdóttur


## Ráð handa kulsæknum

Það er kominn vetur. Í gærmorgun gubbaði hann út úr sér fyrstu slyddunni og slyddan hjakkaðist á glugganum í herberginu mínu og ef hún kynni mors-kóða hefði hún sagt „eughh, vertu bara ... heima í dag“.

Þegar kólnar svona í veðri verður mér iðulega hugsað til átakanlegustu og enn fremur fallegustu senu bókmenntasögunnar. Í henni er rakin þrekraun Emils í Kattholti, sem berst barnungur og jökulkaldur í gegnum blindbyl á jólanótt með Alfreð, kæran vin sinn, reyrðan niður í hestvagn. Alfreð er þungt haldinn af blóðeitrun og hún færir sig nær og nær hjartanu og tíminn er svo ofsalega naumur. En svo komast þeir til læknisins og Alfreð fær blessunarlega framlengingu á lífinu.

Stórkostleg hetjudáð Emils í Kattholti hreyfir við þeim allra harðgerustu. Hún hefur þó alveg sérstök áhrif á þá sem hafa megna óbeit á öllu blautu og köldu. Ég hef samið stuttan leiðarvísi, hvers hlutverk er að auðvelda kulsæknum tilveruna á svörtustu vetrarmánuðum. Ég vil þakka Astrid Lindgren, Emil í Kattholti og Alfreð vinnumanni kærlega fyrir innblásturinn.

**Númer 1:** Útvegið ykkur einn góðan vin, elskhuga, hund eða frænku með hlýjan faðm – einhvern til að þykja vænt um – sem þið mynduð keyra á Slysó í katastrófískum hríðarbyl á aðfangadagskvöld, hvað sem það kostar.
**Númer 2:** Lesið eitthvað sem yljar ykkur að innan.
**Númer 3:** Fjárfestið í góðri húfu sem hylur eyrun.

Og þannig getum við reynt að halda frostinu, rokinu, slyddunni og nístingsköldum einmanaleikanum í skefjum. A.m.k. þangað til vorar.











*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS